



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

BA-ritgerð

Félagsfræði

**Félagslegir og líffræðilegir þættir í æsku barna
sem spáð geta fyrir um afbrotahegðun seinna á
ævinni**

Olga Kristín Pétursdóttir

Febrúar 2010

Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg

Nemandi: Olga Kristín Pétursdóttir

Kennitala: 020880-5549

Útdráttur

Ritgerðin er heimildaritgerð sem ætlað er að gefa greinagott yfirlit um orsakir afbrota. Fjallað er um rannsóknir sem gerðar hafa verið til að athuga orsakir ofbeldis og afbrota innan afbrota- og félagsfræði. Í þessum fræðum hefur lengi verið talið að andfélagsleg hegðun og afbrot megi rekja til ýmissa þátta í umhverfi. Aftur á móti hefur oft minna tillit verið tekið til persónuleikaeinkenna og taugafræðilegra frávika barna snemma á ævinni sem leitt gætu til afbrota. Mikilvægt er að skoða hvaða þættir í æsku barna geti haft í för með sér andfélagslega hegðun og afbrot. Þessir orsakaþættir geta verið til staðar snemma á æviskeiðinu og verið vísbendingar um að hætta geti verið á ferðum. Niðurstöður þessarar ritgerðar eru þær að ekki sé um einhlítar skýringar að ræða, heldur verði að taka með í reikninginn fjölmarga þætti í þeim tilgangi að skýra eðli og orsakir afbrotahegðunar. Hér er því fjallað bæði um félagslega og líffræðilega orsakaþætti afbrota og afbrotahneigðar. Nefna má félagslega áhættuþætti svo sem áhrifa sem gætir frá jafningjum, upplausn fjölskyldna og uppeldi almennt, en einnig sálar- og líffræðilega áhættuþætti svo sem persónuleikaraskanir og lélega sjálfsstjórn sem ýtt geta undir afbrotahegðun. Sameining bæði félagslegra og líffræðilegra sjónarmiða er því besta skýringin.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 5 |
| Tíðni afbrota eftir aldri og fræðileg orsakalíkön afbrotahegðunar | 6 |
| 1. Félagsfræðilegt sjónarmið | 7 |
| 1.1 Kenning Moffitts | 7 |
| 1.2 Félagsnámskenningar | 11 |
| 1.3 Áhrif jafnaldra og vina | 12 |
| 1.4 Áhrif foreldra og uppeldis | 13 |
| 1.5 Félagslegt taumhald..... | 17 |
| 2. Sálfræðilegt og líffræðilegt sjónarmið..... | 18 |
| 2.1 Taugasálfræðileg frávik..... | 19 |
| 2.2 Sjálfsstjórn..... | 20 |
| 2.3 Persónuleikabættir | 23 |
| 2.4 Hegðunarvandamál..... | 24 |
| 2.5 Hegðunarraskanir | 27 |
| 2.6 Andfélagsleg persónuleikaröskun | 28 |
| 3. Sameining félagsfræðilegs, líffræðilegs og sálfræðilegs sjónarmiðs | 29 |
| Lokaorð | 31 |
| Heimildaskrá | 33 |

Inngangur

Einstaklingar geta sýnt ýmis frávík í hegðun sem brýtur í bága við viðmið og gildi sem eru ríkjandi í samfélaginu. Ein tegund þessara frávika eru afbrot sem eru refsiverð hegðun sem varðar við hegningarlög og hefur neikvæð áhrif á bæði afbrotamanninn sjálfan, annað fólk og samfélagið í heild. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar til þess að athuga orsakir ofbeldis og afbrota innan afbrota- og félagsfræði enda er um mikilvægan málaflokk að ræða. Niðurstöður úr þessum rannsóknum benda til þess að ekki sé um einhlítar skýringar að ræða, heldur eru orsakirnar margslungnar og verði að taka fjölmarga þætti með í reikninginn til þess að skýra eðli og orsakir afbrotahegðunar. Mikilvægt er að öðlast skilning á því hvaða einstaklingar leiðast út í afbrot og hverjar ástæðurnar eru. Hvaða þættir hafa þau áhrif að fólk leiðist út á þessa braut í lífinu og hvort það eigi eitthvað sameiginlegt.

Í afbrotafræði hefur lengi verið talið að ýmsir þættir í umhverfi orsaki andfélagslega hegðun og afbrot. Talið hefur verið að samfélagshópar sem standa höllum fæti í félagslegu og efnahagslegu tilliti séu líklegri til þess að leiðast út í afbrot en aðrir. En einnig að ýmsir þættir í uppeldi geti haft áhrif, svo sem erfiðar heimilisaðstæður. Í þessum fræðum hefur aftur á móti oft verið tekið minna tillit til persónuleikaeinkenna og taugafræðilegra frávika barna snemma á ævinni. Afleiðingarnar eru þær að þekking á tengslum milli eiginleika og hegðunar barna snemma á ævinni og hugsanlegrar afbrotahegðunar seinna meir verður ófullnægjandi. Þess vegna hafa líffræðilegar orsakir afbrota skotið upp kollinum í auknum mæli meðal fræðimanna.

Mikilvægt er að skoða hvaða þættir í æsku barna geti haft í för með sér andfélagslega hegðun og afbrot. Þessir orsakaþættir geta verið til staðar snemma á æviskeiðinu og verið vísbendingar um að hætta geti verið á ferðum. Mikilvægt getur verið að bera kennsl á þessa þætti sem fyrst til þess að reyna að koma í veg fyrir að börn leiðist síðar út í afbrot. Hér verður því fjallað bæði um félagslega og líffræðilega orsakaþætti afbrota og afbrotahneigðar.

Fyrst verður fjallað um tíðni afbrota eftir aldri og mismunandi fræðileg orsakalíkön afbrotahegðunar. Því næst verður fjallað um félagsfræðilegt sjónarmið á orsakir afbrotahegðunar. Fjallað verður um kenningu Moffitts á mismunandi tegundum afbrotamanna, félagsnámskenninguna og áhrif jafnaldra og foreldra. Einnig verður fjallað um félagslegt taumhald. Þar næst kemur umfjöllun um sálfræðilegt og líffræðilegt sjónarmið á orsakir afbrotahegðunar. Umfjöllunin lítur að taugafræðilegum frávikum í æsku, hegðunarvandamálum og persónuleikaþáttum svo sem sjálfstjórn. Loks er fjallað um sameiningu þessara sjónarmiða og teknar saman helstu niðurstöður.

Tíðni afbrota eftir aldri og fræðileg orsakalíkön afbrotahegðunar

Þegar skoðað er tíðni afbrota eftir aldri má sjá að tíðnin er mest á unglingsárunum, með hámarki í kringum 17 ára aldur, en síðan minnkar tíðnin hratt eftir það (Moffitt, 1993). Til þess að skilja hve mörg afbrot eru í raun framin af einstaklingum á unga aldri er áhugavert að skoða hlutfall þeirra af fólksfjölda. Ungmenni á aldrinum 13 til 17 ára mynda í kringum 6% heildarfólksfjölda í Bandaríkjunum. Samt sem áður eiga þessi ungmenni hlut í 17-25% tilvika af skráðum handtökum. Fullorðnir á aldrinum 45 ára og eldri eru aftur á móti 32% af fólksfjöldanum en koma einungis við sögu í 7% af skráðum handtökum (Siegel, 2004). Samkvæmt einhverjum heimildum standa yngri en 25 ára fyrir helming allra ofbeldisbrota og 60% allra afbrota tengdum þjófnaði og eignarspjöllum (Eitzen og Zinn, 2004). Hlutfallslega flestir þeirra sem kærðir eru fyrir afbrot eru á seinni unglingsárum, 15 til 19 ára. Flestir sem byrja í afbrotum byrja á aldrinum 8 til 14 ára og flestir hætta afbrotum á aldrinum 20 til 29 ára (Farrington, 2003). Á Íslandi eru tölurnar svipaðar. Árið 2007 var meðalaldur kvenna sem kærðar voru fyrir hegningarlaga brot 28 ár en 29 ár hjá körlum. Hlutfallslega flestir kærðra það ár voru á aldrinum 17 til 18 ára en svipaðar tölur fengust einnig tveimur árum fyrr (Ríkislögreglustjórinn, 2008). Flestir afbrotamenn eru því unglingar og ungt fólk (Moffitt, 1993). Því yngri sem unglingur er þegar hann byrjar í afbrotum, því lengri verður afbrotaferill hans og því fleiri afbrot fremur hann (Farrington, 2003). Flestir einstaklingar í afbrotum hætta þegar þeir komast á fullorðinsár en lítill hópur heldur áfram að brjóta af sér (Piquero og Moffitt, 2004). Snemma á þrítugsaldri eru yfir 50% afbrotamanna hættir að brjóta af sér, og á 28 ára aldri eru næstum því 85% afbrotamanna hættir að brjóta af sér. (Moffitt, 1993). Andfélagsleg hegðun er óvenjulega stöðug þegar litið er til langs tíma og mismunandi aðstæðna hjá sumum einstaklingum en mjög óstöðug fyrir flesta aðra. Talið er að um 5% eða 6% afbrotamanna bera sök á um 50% afbrota (Moffitt, 1993).

Rannsóknir benda til þess að hægt sé að útskýra þessa fjölgun afbrota á unglingsárum með því að þá séu fleiri sem brjóta af sér frekar en að lítill hópur unglunga brjóti meira af sér. Möguleg skýring á þessu eru einhver fyrirbæri sem eru einstök fyrir þroska á unglingsárum og valda því að margir unglingar sem ekki hafa sýnt andfélagslega hegðun áður taki tímabundið þátt í afbrotum með þeim fáu andfélagslegu einstaklingum sem sýna varanlega afbrotahegðun (Moffitt, 1993). Flest afbrot upp að seinni unglingsárum eru nefnilega framin í hópum með öðrum en þeir sem fremja afbrot brjóta eftir 20 ára aldur fremja þau oftast einir. Hugsanlegt er að einhver einstaklingsmunur sé frá byrjun á þeim sem hætta í afbrotum og þeim sem gera það ekki en sá munur gæti verið til staðar snemma í æsku (Farrington, 2003). Mikið hefur

verið rannsakað hvers vegna unglingar eru líklegri en fullorðnir til þess að sýna andfélagslega hegðun svo sem afbrot. Hugsanlegt er að yngra fólk sé í minni tengslum við foreldra sína og meira undir áhrifum frá jafnöldrum. Unglingahópar sækjast oft eftir skemmtun, prófa fíkniefni og áfengi og eru oft kærulausir. Unglingsár er einnig tími uppreisnar og sá tími þegar unglingar ögra foreldrum og yfirvöldum. Á fullorðinsárum, þegar einstaklingar öðlast fasta vinnu, gifta sig, og eignast börn, eru þeir mun líklegri en unglingar til að finna til ábyrgðar og hafa hagsmuna að gæta í samfélaginu. Þessi þroski leiðir til færri afbrota (Eitzen og Zinn, 2004).

Ástæður fyrir því að einstaklingar brjóti af sér geta því verið margslungnar og hafa þrjú kenningarleg líkön verið sett fram um orsök afbrotahegðunar. Fyrsta líkanið er félagslegt orsakalíkan (*social-causation model*) en samkvæmt því tengist afbrotahegðun félagslegum samskiptum og umhverfi. Þetta sjónarmið er af félagsfræðilegum toga. Annað líkanið er félagslegt vallíkan (*social-selection model*) en samkvæmt því tengist afbrotahegðun persónuleikaeinkennum sem myndast í æsku. Þetta sjónarmið er því meira af sálfræðilegum og líffræðilegum toga. Síðasta líkanið er blanda af báðum (*mixed selection-causation model*) en samkvæmt því tengist afbrotahegðun bæði persónuleikaeinkennum og félagslegum samskiptum (Wright, Caspi, Moffitt og Silva, 1999).

1. Félagsfræðilegt sjónarmið

1.1 Kenning Moffitts

Terrie E. Moffitt setti fram kenningu um afbrotahegðun og skipti einstaklingum sem fást við afbrot niður í flokka. Flokkunarfræði Moffitts gefur til kynna tvær megingundir afbrotamanna. Mismunandi þættir orsaka afbrotahegðun eða andfélagslega hegðun í hvorum flokki en einnig er birtingarmynd afbrotahegðunarinnar mismunandi eftir því hvaða tegund á við. Í kenningunni er einnig gert ráð fyrir þriðja hópnum sem er fámennur og nær til þeirra sem brjóta ekkert af sér (Piquero og Moffitt, 2004). Stór hópur hefur stuttan afbrotaferil sem takmarkast við unglingsárin og kallast sú hegðun *adolescence-limited antisocial behavior*, til þess að gefa til kynna hve tímabundið þessir unglingar sýna og taka þátt í andfélagslegri hegðun. Mun minni hópur brýtur af sér eða sýnir andfélagslega hegðun alla ævina. Sú hegðun kallast *life-course-persistent antisocial behavior* til þess að gefa til kynna samfellda og varanlega andfélagslega hegðun (Moffitt, 1993).

Í fyrsta hópnum í kenningu Moffitts eru ungmenni sem byrja að sýna andfélagslega hegðun í kringum kynþroska. Sú hegðun heldur áfram á unglingsárum, en hverfur á yngri fullorðinsárum (Mash og Wolfe, 2009). Afbrotahegðunin er því aðallega bundin við unglingsárin (*adolescence-limited antisocial behavior*). Þeir þættir sem liggja að baki afbrotahegðun þeirra er þroskabil (*maturaty gap*) og áhrif jafnaldra. Þroskabilið er tímabilið frá því að unglingar verða kynþroska og þar til þeir öðlast félagsleg hlutverk fullorðinna (Piquero og Moffitt, 2004). Í þroskabilinu upplifir unglundur andlega vanlíðan og eirðarleysi vegna frekar hlutverkalausra ára milli líffræðilegs þroska og aðgangs að forréttindum fullorðinna. Afbrotahegðun er því leið til þess að sýna fram á sjálfstæði frá foreldrum og kennurum, öðlast sambönd við jafnaldra og flýta félagslegum þroska (Piquero og Moffitt, 2004). Afbrotahegðun sem takmarkast við unglingsárin er venjulega félagsleg í eðli sínu og einkennast því afbrotin sjaldan af ofbeldi og eru yfirleitt minni háttar. Vegna þess að afbrotahegðun unglunga er oft eðlilegur hluti af þroska þeirra hafa flestir afbrotamenn sem takmarka sig við unglingsárin þá persónueiginleika sem þarf til þess að hætta í afbrotum þegar þeir eldast og taka að sér hlutverk fullorðinna. Þessir eiginleikar geta verið heilbrigður persónuleiki og hugræn hæfni svo sem lestrargeta. Einungis fáir í þessum hópi eiga erfitt með að breyta um lífsstíl og hætta í afbrotum vegna ýmissa áhættuþátta (*snares*). Þessir áhættuþættir geta skemmt hæfni unglingsins að taka skrefið yfir í fullorðinsár á árangursríkan hátt (Piquero og Moffitt, 2004).

Í öðrum hópnum eru einstaklingar sem fást við afbrot alla ævi (*life-course-persistent antisocial behavior*) (Piquero og Moffitt, 2004). Í þessum flokki er fólk sem sýnir árásgjarna og andfélagslega hegðun snemma á ævinni og heldur því áfram á fullorðinsárum. Undirliggjandi tilhneiging heldur áfram að vera til staðar á fullorðinsaldri en birtingarmynd andfélagslegrar hegðunar breytist með nýjum tækifærum á mismunandi áföngum í þroska (Mash og Wolfe, 2009). Þessi hópur brýtur meira af sér en fyrri hópurinn. Þessir aðilar fremja allar tegundir afbrota einnig afbrota tengdum ofbeldi. Áhrif vina og jafnaldra er ekki nauðsynleg forsenda fyrir því að þessi hópur brjóti af sér og eru því sum afbrotin framin án aðstoðar frá öðrum (Piquero og Moffitt, 2004). Andfélagsleg hegðun þessa fólks byrjar í barnæsku vegna taugasálfræðilegra frávíka sem oft eru arfgeng. Þessi frávik geta haft neikvæð áhrif á málþroska, minni, og sjálfsstjórn sem síðan getur leitt til tafa á vitsmunarþroska og erfitt skap. Þessi frávik auka hættuna á að börn verði fyrir neikvæðum áhrifum frá andfélagslegum þáttum í umhverfinu (Mash og Wolfe, 2009). Dæmi um þessa umhverfisþætti eru fátækt, rofin fjölskyldutengsl og strangur, ómarkviss agi (Piquero og Moffitt, 2004). Taugafræðileg frávik og slæmir umhverfisþættir geta síðan haft í för með sér að barn þrói með

sér móttpróaþrjóskuröskun (*oppositional-defiance disorder*) og önnur hegðunarvandamál (Mash og Wolfe, 2009). Afleiðingarnar verða að þessi ungmenni hafa fá tækifæri til þess að læra hegðun sem er viðurkennd af samfélaginu og hafa minni tækifæri til þess að breyta lífi sínu til hins betra. Þessi hópur er þó samkvæmt Moffitt lítill, eða um 5-8% íbúa (Piquero og Moffitt, 2004).

Í þriðja hópnum eru síðan þeir sem ekki brjóta neitt af sér. Ástæðurnar fyrir því að sumir unglingar halda sig alveg frá afbrotum geta verið margar. Til dæmis getur verið að þeir skynji ekki þroskabilið og hafa því ekki hvötina til þess að prófa að fremja afbrot. Önnur ástæða getur verið að þeir nái kynþroskaaldrinum það seint að það verði ekkert þroskabil (Piquero og Moffitt, 2004). Rannsóknir hafa bent til þess að stúlkur sem ekki byrja á blæðingum fyrr en á 15 ára aldri taki yfirleitt ekki þátt í afbrotahegðun á unglingsaldri. Einnig sýna þær færri hegðunarvandamál en unglingsstúlkur sem byrja fyrr á blæðingum (Warr, 1998). Þá fá aðrir unglingar e.t.v. fullorðinshlutverk snemma á ævinni. Þriðja skýringin gæti verið sú að fá eða engin tækifæri verða á vegi þessara unglunga til þess að herma eftir unglungum sem eru í öðrum hópnum, það er þeim sem sýna andfélagslega hegðun alla ævi. Fjórða og líklegasta skýringin er sú að þessir unglingar séu útilokaðir frá tækifærum að herma eftir andfélagslegum jafnöldrum vegna þess að þeir hafa einhver persónueinkenni sem gera það að verkum að þeir eru útilokaðir frá hópum jafnaldra sem brjóta af sér (Piquero og Moffitt, 2004).

Mikill munur er á ástæðum og birtingarmynd andfélagslegrar hegðunar meginhópanna tveggja. Aðilar sem sýna andfélagslega hegðun sem takmarkast við unglingsár sýna minni öfga í andfélagslegri hegðun en þeir sem sýna hana alla ævi. Þeir hafa sterkari fjölskyldutengsl og eru ólíklegri til þess að hætta snemma í skóla. Afbrotahegðun þeirra er oft tengd tímabundnum umhverfisþáttum og er sérstaklega undir áhrifum frá jafnöldrum (Mash og Wolfe, 2009). Þeir fást aðallega við afbrot sem eru tákn fyrir forréttindi fullorðinna eða sýna frelsi frá eftirliti foreldra. Dæmi um þá hegðun eru skemmdarverk, fíkniefnamisnotkun, stök að heiman og þjófnaður. Þeir sem eru þrálátir afbrotamenn fást við meiri fjölbreytni af afbrotum, þ. á m. afbrot sem þeir fremja einir og afbrot þar sem fórnarlömb koma við sögu, svo sem ofbeldi og fjársvik (Warr, 1998). Þessir aðilar sýna breytileg merki um andfélagslega hegðun á æviskeiðinu. Dæmi um hegðun sem nær til þessa hóp getur verið einhver sem bitur og slær á fjögurra ára aldri, hnuplar og skrópar í skóla á 10 ára aldri, selur fíkniefni og stelur bílum á 16 ára aldri, rænir og nauðgar á 22 ára aldri og stundar fjársvik eða beitir börn ofbeldi á 30 ára aldri. Þetta bendir til þess að undirliggjandi eðlisfar sé stöðugt en ásýnd þess breytist eftir því sem nýjar aðstæður skapast á mismunandi tímum í þroska (Moffitt, 1993).

Aðdráttaraflíð hjá þeim hópi þar sem afbrotahæðunin takmarkast við unglingsár eru forboðin forréttindi sem fylgja fullorðinsárum, svo sem að drekka áfengi, aka bíl, og stunda kynlíf. Þessir þættir geta hvatt sum ungmenni, sem ekki áður hafa sýnt áhættumerki, til þess að taka þátt í andfélagslegri hegðun á unglingsárum. Þessi ungmenni taka eftir því að jafnaldrar þeirra sem þegar brjóta af sér (eru í hópi þrálátra afbrotamanna) öðlast forréttindi fullorðinna með ólöglegum hætti og herma því eftir þeim. Þegar forréttindi fullorðinna nást með aldrinum hætta þau lögbrotum og reiða sig þess í stað á meira aðlagandi og samfélagslega viðurkennda hegðun og gildi sem þau lærðu í æsku (Mash og Wolfe, 2009). Þessi ungmenni skortir samkvæmni í andfélagslegri hegðun sinni við mismunandi aðstæður (Moffitt, 1993). Þau geta notað fíkniefni eða stundað búðarhnúpl með vinum sínum en fylgt reglum og gengið vel í skóla. En unglingar sem sýna þráláta afbrotahæðun sýna samkvæmni í hegðun sinni miðað við aðstæður, ljúga t.d. heima hjá sér, stela úr búðum og svindla í skólanum (Mash og Wolfe, 2009). Sveigjanleiki í hegðun þeirra sem fást við afbrot á unglingsárum bendir til þess að þátttaka þeirra í afbrigðilegum lífsstíl sé undir áhrifum frá styrkingar- og refsingarskilmálum. Ólíkt jafnöldrum sínum í hópi tvö, þar sem hegðunin er ósveigjanleg og ólíkleg til að breytast ef aðstæður breytast, eru þeir líklegir til þess að sýna andfélagslega hegðun einungis við aðstæður þar sem þeim finnst hagkvæmt að sýna slíka hegðun. Þeir geta samt auðveldlega horfið frá andfélagslegri hegðun þegar samfélagslega viðurkennd hegðun borgar sig betur (Moffitt, 1993). Þá telja þeir sig hafa einhverju að tapa með því að halda fast við andfélagslega hegðun fram yfir unglingsár. Sakaskrá mun takmarka vinnutækifæri, fíkniefnamisnotkun heldur þeim frá að komast tímanlega til vinna, akstur undir áhrifum leiðir til kostnaðar og óþæginda og slagsmál geta leitt til ásakana um að viðkomandi sé óhæft foreldri. Þrálátir afbrotamenn sýna aftur á móti andfélagslega hegðun við aðstæður þar sem hún er bæði óviðeigandi og óhagkvæm. Hegðun þeirra er því óaðlagandi að því leyti að viðbrögðin breytast ekki við mismunandi aðstæður (Moffitt, 1993). Af hverju gerir þessi hópur sér ljóst að þeir hafi einhverju að tapa en ekki þrálátu afbrotamennirnir? Þetta skýrist af því að áður en þeir byrja að brjóta af sér hafa þeir náð að þróa með sér félagslega viðurkennda hegðun (*prosocial behaviour*) og grunnfærni í skóla. Þeir eru yfirleitt heilbrigðir á geði og búa yfir hæfni til þess að mynda náin geðtengsl við aðra. Þessi félagsfærni og árangur í skóla gera þeim kleift að fara í framhaldsmenntun, eiga gott hjónaband og fá æskilega vinnu. Námskenningar eru mikilvægar til þess að útskýra orsök afbrotahæðunar sem takmarkast við unglingsárin og verður vikið að því síðar (Moffitt, 1993).

Samkvæmt þessari kenningu munu einstaklingar bregðast við aðstæðum á lífsleiðinni sem fela í sér miklar breytingar á mismunandi hátt eftir því hver andfélagsleg hegðun þeirra

hefur verið í æsku. Þeir sem sýna afbrotahegðun sem takmarkast við unglingsár eru færir um að endurheimta hefðbundinn lífsstíl. Þeir sem sýna þráláta andfélagslega hegðun alla ævi munu margir einnig gifta sig og fá vinnu. En erfiðleikar frá æsku gera það ólíklegra að þeir geti hætt við fyrri hegðun. Þeir eru líklegri til þess að velja maka sem styður andfélagslega hegðun og sýna oft andfélagslega hegðun á mörgum sviðum í lífinu, svo sem í vinnu eða hjónabandi (Warr, 1998). Uppruna afbrotahegðunar þeirra má finna í taugasálfræðilegum vandamálum en áhrifin koma í ljós þegar þessi vandamál koma upp í tengslum við óæskilega umhverfisþætti. Þetta skerðir tækifæri þeirra til þess að læra viðurkennda hegðun. Eftir því sem tímanum líður er endurheimt oft útilokuð hjá þessu fólki sem takmarkar valkosti þess í lífinu. Þess vegna felast áhrifaríkustu spár um þráláta andfélagslega hegðun í mælingum á einstaklings- og fjölskyldueiginleikum. Þessar mælingar ná til heilsu, kyns, skapferlis, vitsmunalegrar færni, afreka í skóla, persónuleikaeinkenna, geðrænna raskana (til dæmis ofvirkni), geðtengsla í fjölskyldu, stéttarstöðu, uppeldisaðferða og andfélagslegrar hegðunar foreldra eða systkina (Warr, 1998). Sum þeirra ungmenna sem í raun falla í þann hóp þar sem afbrotahegðun takmarkast við unglingsár halda þó áfram að sýna andfélagsleg hegðun framyfir þrítugt áður en þau loks hætta. Aðrir hætta ekki á þrítugsaldri heldur halda áfram að sýna óeðlilega hvatvísi, fíkniefnamisnotkun, afbrotahegðun og geðræn vandamál alla ævi. Þetta er afleiðing áhættuþátta (*snares*). Dæmi um síka áhættuþætti eru það að verða foreldri of snemma, fráhrarf úr skóla, misnotkun fíkniefna eða áfengis, örorka, atvinnuleysi, slæm fjölskyldutengsl, dvöl í fangelsi, skráning í sakaskrá og slæmt mannorð. Þessir þættir eru oft afleiðingar andfélagslegrar hegðunar og loka á möguleika til þess að fá góða vinnu, sækjast eftir menntun, eða að eignast góðum maka. Af þessum sökum geta sumir einstaklingar sem ekki hafa forsögu andfélagslegrar hegðunar í æsku, en byrja afbrotahegðun á unglingsárum, átt erfitt með að hætta í afbrotum (Mash og Wolfe, 2009).

1.2 Félagsnámskenningar

Félagsnámskenningar ganga út frá félagslegu orsakalíkani (*social-causation model*) (Wright, o.fl., 1999). Skýringar sem byggjast á félagsnámi leggja áherslu á eftirhermun og beina og óbeina styrkingu (Warr, 1998). Samkvæmt þeim er afbrotahegðun lærð í litlum, nánnum félagslegum hópum, sérstaklega hópi jafnaldra sem eru afbrotamenn, og er hegðunin lærð með því að fylgjast með og herma eftir öðrum (Wright, o.fl., 1999). Félagsnáms kenningarmiðir, svo sem Albert Bandura, telja að fólk fæðist í raun ekki með eiginleikann til að hegða sér á ofbeldisfullan hátt, heldur læri árásgjarna hegðun á lífsleiðinni. Þessi reynsla

felur í sér að sjá aðra nota ofbeldi til þess að ná markmiðum sínum eða að sjá fólki umbunað fyrir árásargjarna hegðun í umhverfi sínu, t.d. í sjónvarpi eða kvikmyndum. Fólk lærir að nota ofbeldi þegar það byrjar að líkja eftir ofbeldisfullri hegðun fullorðinna í æsku. Þessu ofbeldisfulla hegðunarmynstri er haldið áfram og er notað í félagslegum samböndum framtíðarinnar (Siegel, 2004). Andfélagsleg hegðun foreldra spáir því fyrir um hegðunarvandamál barna þeirra í æska eða á unglingsárum. Uppeldisaðferðir foreldra hfa því bein áhrif á uppeldisaðferðir næstu kynslóðar en það gerist sennilega með félagslegu námi (Conger, Neppl, Kim og Scaramella, 2003). Samkvæmt námskenningum geta bæði félagsskapur í afbrotum og erfitt heimilislíf verið undanfari afbrotahegðunar (Siegel, 2004).

1.3 Áhrif jafnaldra og vina

Það að eiga vini í afbrotum er sá þáttur sem hefur einna sterkasta fylgni með afbrotahegðun. Þar að auki eru sterk fylgni með fjölda vina sem stunda afbrot og afbrotahegðun ungmennis (Warr, 2005). Geðtengsl við jafnaldra ættu að stuðla að afbrotum ef jafnaldrar eru í afbrotum en draga úr ef þeir eru það ekki. Einnig skiptir máli hve miklum tíma er eytt með jafnöldrum í afbrotum. Warr og Stafford álykta að áhrif jafnaldra séu best útskýrð með hermun eða óbeinni styrkingu (Warr, 1998).

Afbrotatíðni meðal unglunga er yfirleitt lægri á dreifbýlissvæðum en í borgunum. Unglingar í þéttbýli umgangast fleiri jafnaldra en unglingar í dreifbýli og þar eru eftirlitslaus samskipti auðveldari, samgöngur betri og fleiri samkomustaðir (svo sem útivistarsvæði og verslunarmiðstöðvar) (Warr, 1998).

Eins og kom fram í kenningu Moffitts er nokkur hópur ungmenna sem ekkert brýtur af sér. Ástæðurnar geta verið þær að þessi ungmenni hafi ekki tækifæri til þess að umgangast andfélagslega jafnaldra, t.d. vegna persónueinkenna sem gera þau ekki eftirsóknarverð í augum annarra unglunga eða sem gera þau ófús til þess að vilja vera með í vinsælum hópum sem stunda afbrot. Í rannsókn Shedler og Block komu fram þannig áhrif þegar kom að notkun ólöglegra fíkniefna. Þeir báru saman persónuleika þriggja unglingshópa. Unglinga sem ekki prófuðu nein fíkniefni, unglunga sem prófuðu fíkniefni og unglunga sem voru iðnir við að neyta fíkniefna. Unglingar sem prófuðu fíkniefni aðlöguðust best. Þeir sem notuðu mikið af fíkniefnum voru andfélagslegir vandræðaunglingar. Þeir sem ekki prófuðu fíkniefni aðlöguðust einnig illa. Þeir voru frekar taugaveiklaðir, tilfinningalega takmarkaðir, félagslega einangraðir, skorti samskiptafærni, virtust haldnir streitu, drógu sig auðveldlega til hlés og áttu fáa eða enga vini. Kenning Moffitts um afbrotahegðun á unglingsaldri gefur til kynna að unglingar sem ekki sýna neina andfélagsleg hegðun séu seint kynþroska, hafi

fullorðinshlutverk, búi í umhverfi sem takmarkar tækifæri til þess að læra afbrotahegðun, hafi persónuleg einkenni sem útiloka þá frá andfélagslegum hópum eða öll þessi fjögur einkenni (Warr, 1998).

Eftirlitslausar samvistir með jafnöldrum er mikilvægur þáttur í greiningu afbrotahegðunar á unglingsaldri. Tími sem varið er í skipulagða starfsemi undir eftirliti fullorðinna (skátastarf, að leika í hljómsveit og þess háttar), óvirka afþreyingu (svo sem að hlusta á tónlist og að horfa á sjónvarp), og íþróttaiðkun sem ekki endilega er verið að keppa í (svo sem að hjóla og skokka) er neikvætt tengdur við afbrotahegðun á unglingsaldri. Tími sem varið er í eftirlitslausa starfsemi (svo sem að fara á stefnumót, í party og á rúntinn með vinunum) er jákvætt tengdur afbrotahegðun á unglingsaldri. Afþreying af seinni gerðinni getur aukið líkurnar á samvistum með öðrum jafnöldrum sem eru í afbrotum og aukið líkur á afbrotahegðun. Það er fjarvist fullorðinna sem auðveldar unglingi að hitta aðra jafnaldra sem foreldrar þekkja ekki og myndu kannski ekki leggja blessun sína yfir. Einnig auðveldar það unglingi að taka þátt í afbrotahegðun ef tækifæri og hvöt koma saman. Þótt eftirlit minnki líkurnar á því að barn leiðist út í afbrot þá getur of strangt eftirlit haft neikvæðar afleiðingar í för með sér. Foreldrar sem hafa börn sín undir of ströngu eftirliti eiga á hættu að fjarlægast börn sín og ýta þeim í áttina að umgengi við jafnaldra sem eru í afbrotum. Þessar niðurstöður gefur til kynna að með tilliti til eftirlits foreldra og geðtengsla hefur fjölskyldan óbein áhrif á afbrotahegðun unglunga gegnum áhrif á hvernig vini þeir eignast. Foreldrar spila mikilvægt hlutverk í lífi barna sinna og er tilgangslaust að einblína einungis á áhrif jafnaldra í kenningum um afbrotahegðun á unglingsaldri (Warr, 2005).

1.4 Áhrif foreldra og uppeldis

Kenning um taumhald (*control theory*) hvílir á hugmyndinni um að árangursríkt uppeldi geti haldið börnum frá afbrotum. Börn sem eru tengd foreldrum sínum og þykir vænt um þá eru ólíklegri til að fást við afbrot á unglingsaldri vegna þess að þau meta sambandið mikils og vilja ekki valda foreldrum sínum vonbrigðum með því að taka þátt í óviðunandi hegðun. Barn með sterk tengsl við foreldra sína mun hugleiða hugsanleg neikvæð áhrif afbrotahegðunar. Sumir taumhaldskenningarsmiðir hafa einnig beint athyglinni að hlutverki sem eftirlit foreldra leikur í því að ákvarða árangur uppeldis. Foreldrar sem eru meðvitaðir og hafa vitneskju um athafnir barna sinna eru ólíklegri til þess að eiga börn í afbrotum vegna þess að þeir setja skýrar reglur, fylgjast með hegðun og refsa fyrir slæma hegðun. Börn með veik geðtengsl við foreldra og börn sem eiga foreldra sem ekki hafa nægjanlegt eftirlit með þeim eru líklegri til þess að brjóta af sér (Ingram, Patchin, Huebner, McCluskey og Bynum, 2007).

Alvarleg andfélagsleg hegðun erfist oft milli kynslóða. Foreldrar og börn líkjast oft hvert öðru þegar kemur að skapferli og persónuleika. Þess vegna skortir foreldra barna sem eru erfið viðureignar oft nauðsynleg úrræði til þess að ráða við stjórn þeirra með uppbyggjandi hætti. Þetta bendir til þess að börn með erfiða hegðun sem hægt er að halda aftur af með markvissum aga eiga oft foreldra sem ekki eru samkvæmir í aga. Foreldrar og börn líkjast líka hvort öðru þegar kemur að vitsmunahæfni. Þar sem vitað er að greind erfist þá bendir það til þess að börn sem mest þurfa á vitsmunalegri örvun að halda eiga oft á tíðum foreldra sem eru ólíklegir til þess að geta veitt þeim hana. Erfið börn sem alast upp við óhagstæðar aðstæður eru í hættu með að verða þrálátir glæpamenn (Moffitt, 1993).

Loeber og Stouthamer-Loeber gerðu allsherjargreiningu á rannsóknum á tengslum fjölskylduþátta og afbrotahegðunar. Þeir báru kennsl á fjóra flokka fjölskylduvandamála sem virtust iðulega koma fram í rannsóknum á mismunandi tegundum fjölskylduvandamála sem hafa verið tengd við afbrotahegðun á unglingsaldri. Þessi fjölskylduvandamál eru „vanræksla“, „átök“, „afbrotahegðun og viðhorf“, og „upplausn“. Fyrsti flokkurinn „Vanræksla“ vísar ekki bara til vandamála sem myndu falla undir lagalegra skilgreiningu á vanrækslu, heldur einnig til skorts á þátttöku foreldra í lífi barna sinna, hversu miklum tíma foreldri eyðir með barni sínu og hversu gott uppeldið getur talist. Þessir eiginleikar hafa sýnst tengjast afbrota- og árásargjarnri hegðun (Gorman-Smith, Tolan, Loeber og Henry, 1998). Vísbendingar eru um að skortur á færni foreldra við uppeldi eða léleg félagsfærni foreldra geti aukið líkurnar á að börn á heimilinu muni aðlagast samfélaginu illa og skorta félagsfærni. Þetta getur seinna leitt til afbrotahegðunar (Church II, Wharton og Taylor, 2009). Annar flokkurinn „Átök“ vísar til átaka eða ágreinings milli foreldra og barna, og er mæling á aðferðum sem notaðar eru við aga og stuðning innan fjölskyldna. Átök og ágreiningur eða óárangurslaus agi hafa verið tengd við afbrotahegðun. Höfnun foreldra og skortur á stuðningi og tilfinningatengslum eru hvert um sig hluti af ágreiningi milli foreldra og barna sem hafa verið bendlaðir við afbrotahegðun (Gorman-Smith, o.fl., 1998). Þriðji flokkurinn, „Afbrotahegðun og viðhorf“, vísar til fjölskyldna þar sem afbrigðileg hegðun, afbrotahegðun og jákvætt viðhorf til afbrota er styrkt. Í þessum fjölskyldum stangast ekki afbrotahegðun barna endilega á við skoðanir og gildi foreldra. Þeir gætu einnig verið sjálfir í afbrotum og er sú hegðun hjá börnum þeirra því styrkt af þeim. Foreldrar gætu átt feril afbrota og annarrar andfélagslegrar hegðunar að baki og hafa því oft jákvæða afstöðu gagnvart afbrotum. Þeir láta framkomu barna sinna viðgangast og styðja þannig andfélagslega hegðun þeirra (Gorman-Smith, o.fl., 1998). Unglingar sem áttu fjölskyldumeðlim sem hafði verið sakfelldur fyrir glæp voru tvisvar sinnum líklegri til þess að byrja snemma í afbrotum miðað við unglunga þar sem

glæpir tíðkuðust ekki í fjölskyldunni (Alltucker, Bullis, Close og Yovanoff, 2006). Síðasti flokkurinn, „Upplausn“, vísar til kringumstæðna svo sem skilnaðar eða aðskilnaður, fjarveru foreldra frá heimili, geðrænna vandamála foreldra eða heilsufarsvandamál sem geta haft slæm áhrif á fjölskyldulífið og á hegðun barnsins. Til dæmis hefur þunglyndi foreldra sýnt sig hafa áhrif á hæfni þeirra til þess að annast og aga börn sín (Gorman-Smith, o.fl., 1998).

Ill meðferð á börnum, að meðtöldu líkamlegu eða andlegu ofbeldi, kynferðislegri misnotkun, og vanrækslu er tengd ofbeldisfullri hegðun í framtíðinni (Alltucker, o.fl., 2006). Misnotkun eða ofbeldisfull skilyrði trufla eðlilegt þroskaferli og leiðir til illa aðlagandi hegðunar, þ.m.t. afbrotahegðun á unglingsaldri og fíkniefnanotkunar. Ill meðferð getur breytt því hvernig fórnarlamb vinnur úr upplýsingum úr félagslegu umhverfi sínu. Þessi frávík hafa síðan áhrif á aðlögun í skóla og sambönd við jafnaldra sem geta verið vísbendingar um þróun á andfélagslegri hegðun og öðrum vandamálum seinna á ævinni (Putnam, 1997). Ill meðferð sem varir frá æsku til unglingsára skilur eftir lítil tækifæri fyrir fórnarlambið til þess að ná bata. Langtímarannsóknir í afbrotafræði staðfesta almennt að ill meðferð í æsku eykur hættu á fjölbreyttri andfélagslegri hegðun á unglingsárum. Unglingar sem hafa upplifað illa meðferð í langan tíma eru líklegri til þess að tilheyra fjölskyldum með ýmis vandamál svo sem fátækt, geðsjúkdóma og heimilisofbeldi. Tímasetning illrar meðferðar getur skipt máli við að skilja og spá fyrir um samband þess við afbrotahegðun á unglingsaldri og af þessum sökum er mikilvægt að grípa inn í snemma til þess að sniðganga áhrifin (Ireland, Smith og Thornberry, 2002).

Streita í fjölskyldu unglunga snemma á ævinni geti stuðlað að því að unglingar snúi sér til jafnaldra sem eru í afbrotum og að í þessum hópum fá þeir í raun þjálfun í andfélagslegri hegðun og fíkniefnanotkun (Church II, o.fl., 2009). Samkvæmt rannsóknum eru streituvaldar algengir í fjölskyldum í lægri samfélagsstéttum. Streituvaldar geta verið atvinnuleysi, óstöðugar tekjur og heimilisofbeldi sem allir geta aukið líkurnar á lélegum uppeldisaðferðum. Þessir foreldrar eru líklegir til þess að vera ráðríkir við börn sín, nota líkamlegt ofbeldi, eða vera skipandi. Fólk í miðstétt er líklegri til þess að nota uppbyggjandi aðferðir við ögun, veita börnum sínum meira frelsi, vera réttlát, tjá ástúð og styðja vitsmunalegan þroska og námsþroska barna sinna (Church II, o.fl., 2009).

Ef foreldrar eru lélegir við að setja mörk þá getur það truflað þróun sjálfsstjórnar hjá börnum. Ef foreldrar koma í veg fyrir og skamma fyrir slæma framkomu hjálpar það til við að stuðla að hlýðni og sjálfsstjórn hjá barninu (Keown og Woodward, 2002). Börn sem hafa slæmt samband við foreldra sína, eða sem búa á heimili þar sem fullorðnir eru slæmar fyrirmyndir, eru líklegri til að snúa sér að jafnaldrahópum sem eru í afbrotum og líklegri til

þess að sýna þannig hegðun (Church II, o.fl., 2009). Foreldrar sem ná mestum árangri eru þeir sem hafa tilfinningalega náð samband við börn sín og setja börnum sínum skýrar reglur um hegðun (Wright og Cullen, 2001).

Vísbendingar eru um að munur geti verið á því hvernig breytileg fjölskyldugerð tengjist þátttöku í afbrotahegðun samkvæmt niðurstöðum í einni rannsókn. Þeir einstaklingar sem ekki brjóta af sér voru líklegri til að vera frá fjölskyldum með minniháttar vandamál og ólíklegri til þess að vera úr sundruðum fjölskyldum og fjölskyldum þar sem átök eða margþætt vandamál voru til staðar. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri niðurstöður sem gefa til kynna að heilbrigð fjölskylduvirkni getur verið verndandi þáttur fyrir ungmenni sem búa í áhættusömum hverfum og minnka hættuna á afbrotahegðun. Hópur viðriðinn alvarlegri og þrálátri afbrotahegðun (viðriðnir alvarlega og ofbeldisfulla afbrotahegðun) voru ólíklegri til þess að koma úr fjölskyldum með minniháttar vandamál. Þeir voru líklegri til þess að koma úr fjölskyldum sem einkenndust af margþættum vandamálum, t.d. upplausn, átök, og skort á þátttöku foreldra í lífi barnsins. Slík fjölskylda er líklega vanhæf til að veita aga og stuðning sem er nauðsynlegt fyrir heilbrigðan þroska. Annað var að þessi hópur var marktækt líklegri til þess að vera úr fjölskyldum þar sem aðrir fjölskyldumeðlimir brutu af sér. Þessar fjölskyldur geta verið fyrirmyndir fyrir afbrotahegðun og afbrotahegðun unglingsins stangast ekki nauðsynlega á við skoðanir og gildi foreldranna. Tengsl eru því milli forsögu afbrotahegðunar foreldra og ofbeldisfullrar hegðunar ungmennis sem gefur til kynna að andfélagsleg hegðun færir milli kynslóða. Hvort þetta gerist gegnum félagsnám, erfðir eða lélegar uppeldisaðferðir er óljóst. Þeir einstaklingar sem byrjuðu seint í afbrotum og þar sem ferillinn stigmagnaðist með tímanum voru ólíklegri til þess að koma frá fjölskyldum með margþætt vandamál en þrálátir ofbeldisfullir afbrotamenn en þó dálítið líklegri til þess að vera úr fjölskyldum sem orðið hafði fyrir upplausn. Vera kann að þessi hópur sé sá hópur þar sem afbrotahegðun takmarkast við unglingsár samkvæmt Moffitt. Slæm fjölskylduvirkni er því tengd þátttöku í andfélagslegri hegðun og afbrotahegðun (Gorman-Smith, o.fl., 1998).

Þótt fjölskylduvirkni getur haft áhrif á afbrot- og ofbeldisfulla hegðun ungmenna þá er hugsanlegt að hegðun þeirra hafi áhrif á fjölskylduvirkni. Unglingar með alvarlega þráláta afbrotahegðun geta verið svo truflandi að margþætt vandamál koma upp í fjölskyldunni. Ungmenni sem taka þátt í alvarlegri og ofbeldisfullri afbrotahegðun geta verið svo erfið fyrir foreldra sína að fjölskyldur geta valið að eyða minni tíma í samskiptum við þá. Jafnvel minni háttar afbrotahegðun getur aukið ágreining milli foreldra og barns (Gorman-Smith, o.fl., 1998). Ofvirk börn eru líkleg til að eiga erfitt með að læra sjálfstemprun og erfitt getur verið fyrir foreldra að ráða við þau. Börn sem ekki hafa hegðunarvandamál eru ekki eins erfið og

auðveldar það foreldrum að sjá fyrir slæma framkomu og beita aðferðum til þess að draga úr og halda vandamálahegðun í lágmarki (Keown og Woodward, 2002). Lág fæðingarþyngd barna og börn sem fæðst hafa fyrir tímann hafa neikvæð áhrif á foreldra. Þau koma í heiminn áður en foreldrarnir eru tilbúnir. Foreldrum finnst grátmynstur þeirra oft truflandi og ergjandi og að þau séu erfiðari að fæða og kröfuharðari við umönnun en heilbrigð börn (Moffitt, 1993). Foreldrar geta dregið úr áhrifa ákveðinna persónueinkenna barns en persónueinkenni barna hefur líklega áhrif á viðbrögð foreldra. Erfið börn ögra stöðugt viðleitni foreldra sinna til að setja mörk (Wright og Beaver, 2005). Hegðunarvandi barna getur því haft áhrif á hæfni foreldra til þess að aga börn sín. Til dæmis eru börn með erfitt skap líklegri til þess að streitast á móti tilraunum mæðra sinna til þess að hafa stjórn á þeim snemma í æsku. Eftir því sem fram líður draga mæðurnar úr tilraunum sínum til að leiðbeina og aga börn sín og skipta sér minna af þeim. Þau geta því misst af tækifærum til þess að kynnast og æfa hegðun sem er viðurkennd af samfélaginu á ýmsum tímabilum í þroska (Moffitt, 1993).

1.5 Félagslegt taumhald

Kenningin um félagslegt taumhald gerir ráð fyrir að afbrotahegðun stafi af því að tengsl einstaklings við samfélagið séu veik eða brotin. Félagsleg tengsl verða veik eða brotin þegar einstaklingi mistekst að mynda jákvæð geðtengsl við aðra sem eru þeim mikilvægir, til dæmis foreldra. Einnig ef þeim mistekst að þróa með sér fylgispekt við hefðbundnar reglur og viðmið, mistekst að taka þátt í hefðbundnum athöfnum eða trúa ekki á viðurkenndar reglur í þjóðfélaginu (Ingram, o.fl., 2007). Þær mikilvægu stofnanir sem veita félagslegt taumhald eru misjafnar eftir æviskeiði. Í æsku og á unglingsárum eru það fjölskyldan, skólinn og vinirnir. Á fullorðinsárum eru það framhaldsmenntun eða starfsþjálfun, vinna, hjónaband og foreldrahlutverk (Sampson og Laub, 1990).

Börn eru undir áhrifum foreldra frá fæðingu en það aftrar yfirleitt lögbrotum á unga aldri. Á unglingsárum slíta börn sig smám saman laus undan eftirliti og stjórn foreldra sinna og verða í auknum mæli undir áhrifum jafnaldra sinna. Sumir þessara jafnaldra geta þá hvatt til lögbrota. Eftir 20 ára aldur minnka lögbrotin eftir því sem áhrif jafnaldra minnka og fjölskylduáhrifin aukast aftur en þá frá maka og börnum en ekki foreldrum. Hjónaband getur sundrað eða bundið enda á tengsl eða venskap sem er til staðar fyrir hjónaband, t.d. tengsl við aðra afbrotamenn. Hjónaband breytir því hvernig vini viðkomandi umgengst, minnkar samskipti við þá sem eru í afbrotum en eykur samskipti veð venjulegt löghlýðið fólk. Sumir telja þó að hjónaband leiði ekki til þess að einstaklingar hætti í afbrotum heldur sé það frekar þannig að þeir sem hafa hætt afbrotum snemma séu meira aðlaðandi sem framtíðar makar.

Ekki er hægt að útiloka þessa skýringu (Warr, 1998). Þó eru ekki allir makar líklegir til þess að draga úr umgengni við vini sem eru í afbrotum heldur einungis hefðbundnir makar sem sjálfir eru ekki andfélagslegir. Þeir eru líklegir til að vera á móti og refsa fyrir þátttöku í afbrotahegðun en andfélagslegir makar eru líklegri til að stuðla að og styrkja þannig hegðun (Simons, Stewart, Gordon, Conger og Elder Jr, 2002). Það getur þó þurft meira til en hjónaband til þess að einstaklingur hætti í afbrotum því án sterkrar hvatar til að breytast og viðleitni til að þróa með sér sómasamleg sjálfsímynd getur einstaklingurinn hundsáð vilja makans eða slitið sambandinu (Giordano, Cernkovich og Holland, 2003).

Það er því félagsleg skuldbinding í tengslum við félagslegar stofnanir, hvort sem það er fjölskyldan, vinnan, skólinn, vinir, eða samfélagið, sem gefa boð um mikilvægi félagslegs taumhalds hjá einstaklingum. Sterk tengsl við þessar stofnanir á fullorðinsárum geta hamlað frávikahæðun. Geðtengsl við maka og stöðugleiki í vinnu stuðlar marktækt að því að draga úr frávikum (Warr, 1998). Félagsleg tengsl við fjölskyldu, menntun og vinna hafa áhrif á afbrotahegðun um ævina þrátt fyrir að reynsla sé af andfélagslegri hegðun í æsku og á unglingsárum. Því er hægt að hafa áhrif á leið barns til afbrota með félagslegum tengslum (Sampson og Laub, 1990). Sterk félagsleg tengsl á fullorðinsárum munu leiða til minni afbrota (Sampson og Laub, 1990). Sampson og Laub telja að fjölskylda, skóli, og jafnaldrar séu áhrifamesta uppspretta félagslegs taumhalds í æsku og á unglingsárum. Þeir staðhæfa að alvarleg afbrotahegðun á unglingsaldri auka líkur á afbrotum á fullorðinsárum vegna þess að hún grafi undan líkum á að geðtengsl þroskist á réttan hátt (Simons, o.fl., 2002).

2. Sálfræðilegt og líffræðilegt sjónarmið

Nýlegar framfarir í rannsóknum gefa til kynna að andfélagsleg hegðun og eiginleikar tengdir henni geti haft að minnsta kosti einhverjar líffræðilegar orsakir (Cauffman, Steinberg og Piquero, 2005). Félagsfræðilíkon hunsu oft mikilvæg undirstöðuatriði í þroskasálfræði og líffræði en fjalla ekki um fyrsta hluta ævinnar (Sampson og Laub, 1990). Mikilvægt er að líta ekki fram hjá þeirri staðreynd að afbrot og afbrotahegðun á unglingsaldri megi rekja til orsakapátta snemma í æsku. Afbrotamenn sýna oft andfélagslega hegðun mjög snemma á ævinni, eða löngu áður en félagsþættir svo sem vinnumarkaður, samfélag, hjónaband og jafnaldrar geti skipt miklu máli (Sampson og Laub, 1990). Undirliggjandi þættir geta útskýrt afbrotahegðun. Til dæmis getur fólk verið með persónuleikaeinkenni sem stjórna tilhneigingu þeirra eða hneigð til þess að fremja afbrot. Þetta eðlisfar eða undirliggjandi þættir geta annað hvort verið til staðar við fæðingu eða komið fram snemma á ævinni og geta viðhaldist í lengri

tíma. Vafasamir undirliggjandi þættir sem geta haft áhrif eru til dæmis lág greind, hvatvísi og frávik í heilastarfsemi. Þeir sem hafa einn af þessum undirliggjandi þáttum eiga á hættu að lenda í afbrotum án tillits til kyns og umhverfisþátta. Þeir sem ekki hafa þá eru í mun minni hættu (Siegel, 2004).

2.1 Taugasálfræðileg frávik

Andfélagsleg hegðun og taugasálfræðileg frávik í æsku spá fyrir um aukna og þrálátari afbrotahegðun og aukna ofbeldishegðun fram að 18 ára aldri (Piquero og Moffitt, 2004). Margt bendir til þess að taugasálfræðileg frávik tengist þeirri tegundar af andfélagslegri hegðun sem hefst í æsku og er stöðug í lengri tíma (Moffitt, 1993). Ýmsar vísbendingar eru um að sumar erfðamyndir geti dregið úr eða aukið næmni barna fyrir umhverfisþáttum. Þetta bendir einnig til þess að umhverfið geti haft áhrif á hvort erfðavísar hafi áhrif á hegðun (Piquero og Moffitt, 2004). Viðbrögð við streitu og álagi til dæmis eða misnotkun foreldra getur verið mismunandi eftir arfgerð fólks (Wright og Beaver, 2005).

Möguleg tengsl hafa einnig fundist milli persónuleika og magni sem heilinn framleiðir af vissum taugaboðefnum. Rök hafa verið færð fyrir því að breytingar á hlutfalli serotóníns í heila geti orsakað bæði hvatvísi og neikvæða lund (Cauffman, o.fl., 2005). Líffærafræðileg, efnafræðileg og taugafræðileg óregla er algengari hjá afbrotamönnum með athyglisbrest og ofvirkni sem sýna ítrekaða andfélagslega hegðun (Cauffman, o.fl., 2005). Hæfileikar svo sem hæfnin til þess að stjórna tilfinningum og hvötum, hæfnin til að beina athyglinni að fyrirbyggjandi verkefnum og hæfni til að geta seinkað ánægju (*delay gratification*) eru hýstir í *frontal, orbital-frontal* og *prefrontal* heilaberki sem eru hluti af stærra *frontostriatal system* (Wright og Beaver, 2005). Frávik í framennisheilablaði hefur verið tengt við ofbeldi og hegðunarvandamál. Þetta kemur ekki á óvart þar sem að ennisblað er mikilvægt svæði heilans fyrir skipulagningu, hvatastjórn, tilfinningastjórn og athygli (Cauffman, o.fl., 2005). Þessi frávik geta gert það að verkum að einstaklingar festast í vinskapi við afbrotaunglinga, slæmum eða rofnum tengslum við fjölskyldu, gangi illa í skóla eða verði atvinnulausir. Þessir þættir geta síðan leitt til afbrota (Wright, o.fl., 1999).

Taugasálfræðileg frávik sem tengjast andfélagslegri hegðun geta lýst sér í námserfiðleikum, athyglisbresti, hvatvísi, frávikum í munnlegri og skriflegri tjáningu og minnisfrávikum (Moffitt, 1993). Börn með taugasálfræðileg frávik geta einnig verið ofvirk, bráðlynd, sein að ná ýmsum áföngum í þroska, lengi að læra nýja hluti og erfið í skapi. Slík vandamál í æsku hafa verið tengd við andfélagslega hegðun seinna meir. Taugasálfræðileg

frávik geta því haft áhrif á skaphöfn og hegðun barna svo að erfitt getur verið fyrir foreldra að ala þau upp. Foreldrar barna sem eiga á hættu að þróa með sér andfélagslega hegðun skapa barninu oft á tíðum umhverfi þar sem afbrot eru til staðar (Moffitt, 1993).

Þættir sem hafa áhrif á taugafræðilegan þroska ungabarna eru margir og hafa sumir þeirra verið tengdir við andfélagslega hegðun. Ein ástæða taugasálfræðilegra frávíka sem tengst hafur hegðunarvandamálum getur verið truflun á þróun heila á fósturstigi. Þroski taugafrumna getur truflast vegna fíkniefnanotkunar eða vannæringar móður á meðgöngu. Einnig geta eiturefni á fósturstigi eða eftir fæðingu haft neikvæð áhrif. Heilaskemmdir vegna vandkvæða við fæðingu eða vegna ofbeldis hafa verið tengdar við ofbeldi og andfélagslega hegðun síðar á ævinni (Moffitt, 1993).

2.2 Sjálfstjórn

Gottfredson og Hirschi settu fram almenna kenningu um afbrot (*general theory of criminality*) sem átti að geta útskýrt allar tegundir af afbrotum. Samkvæmt henni er lítil sjálfstjórn (*self control*) talin orsök afbrotahegðunar og ýmissa annarra sambærilegra hegðunarþátta (Wright og Beaver, 2005). Samkvæmt Gottfredson og Hirschi er því tilhneigingin til að fremja afbrot háð því hve góða sjálfstjórn einstaklingur hefur (Siegel, 2004). Lítil sjálfstjórn hefur verið tengd við ofbeldisfulla afbrotahegðun (Piquero, MacDonald, Dobrin, Daigle og Cullen, 2005). Sjálfstjórn er talin þróast snemma í æsku og helst frekar stöðug um ævina (Welch, Tittle, Yonkoski, Meidinger og Grasmick, 2008). Þegar barn vex úr grasi getur léleg sjálfstjórn komið fram sem afbrotahegðun þegar það stendur andspænis tækifærum til þess að brjóta af sér (Wright, o.fl., 1999). Afbrotahegðun einstaklinga með litla sjálfstjórn minnkar eftir því sem þeir þroskast en afbrotahlutfallið er samt sem áður hærra en hjá þeim sem eru með sterka sjálfstjórn (Siegel, 2004).

Lítil sjálfstjórn einkennist af hvatvísri hegðun, skorti á seiglu og iðni við verkefni, mikilli virkni, notkun líkamlegs ofbeldis til þess að leysa ágreining og áhættuhegðun (Wright, o.fl., 1999). Einnig á þetta fólk það til að vera skammsýnt, tillitslaust gagnvart tilfinningum og þörfum annarra, sjálfhverft, ævintýragjarnt (Siegel, 2004) og að missa skap sitt auðveldlega (Hay, 2001). Það er ólíklegra til þess að finna til skammar vegna afbrota sem það hefur framið og er líklegra til þess að finnast afbrot ánægjuleg. Það er einnig líklegra til þess að sýna áhættusama hegðun svo sem að áfengisdrykkju, reykingar, notkun fíkniefna, kærulausan akstur, fjárhættuspil og áhættusamt kynlíf. Þótt slík hegðun sé ekki alltaf ólögleg, þá veitir hún tafarlausu skammtímaánægju sem er einmitt það sem þessir einstaklingar sækjast eftir

(Siegel, 2004). Léleg sjálfstjórn er talin geta leitt til afbrota vegna þess að hún dregur úr hæfni einstaklinga til þess að hindra sjálfa sig í að fylgja tafarlaust hvötum og löngunum (Agnew, Brezina, Wright og Cullen, 2002). Aftur á móti streitast einstaklingar með mikla sjálfstjórn á móti tafarlausri ánægju sem tengist afbrotum. (Hay, 2001). Þau persónuleikaeinkenni sem tengjast lágri sjálfstjórn hafa ekki einungis áhrif á löghlýðni heldur einnig líkurnar til að mynda sterk og langvarandi félagslegt sambönd (Welch, o.fl., 2008).

Einstaklingar með litla sjálfstjórn eiga fleiri vini í afbrotum, sýna minni árangur í skóla, og hafa veikari tengsl við fjölskyldu og ástvini (Wright, o.fl., 1999). Þeir passa oft illa inn í hefðbundið samfélag og eru því félagsleg sambönd þeirra oft slæm eða sundruð (Wright, o.fl., 1999). Börnum sem eru árásgjörn og hafa lélega sjálfstjórn er oft hafnað af fullorðnum og jafnöldrum. Afleiðingarnar geta orðið þær að þau draga sig í hlé eða auka andfélagslega hegðun sína. Þau geta því misst af tækifærum til þess að læra hegðun sem er viðurkennd í samfélaginu (*prosocial behaviour*). Hegðunarerfiðleikar í skóla og slæm grunnkunnáttu í reikningi og lestri geta takmarkað möguleika til þess að fá löglega vinnu. Ef barn öðlast ekki félagslega og akademíska hæfni í æsku er mjög erfitt að endurheimta seinna meir tækifæri sem hafa glatast (Moffitt, 1993). Þá sem skortir sjálfstjórn eiga erfitt með að sjá fyrir og bregðast við hugsanlegum afleiðingum af slæmri framkomu. Þeir sem hafa gott stuðningsnet annarra hafa marktækt minni löngun til að haga sér illa en þeir sem ekki hafa það (Welch, o.fl., 2008). Samkvæmt kenningunni um sjálfstjórn er talið að þar sem bæði afbrotahegðun og félagsleg tengsl eigi rætur að rekja í sjálfstjórn í æsku eru tengslin milli þeirra talsýn. Það er að eftir að æsku líkur hafa sambönd við vini, skóla eða fjölskyldu engin orsakaáhrif á afbrotahegðun (Wright, o.fl., 1999). Léleg sjálfstjórn í æsku spáir fyrir um félagsleg tengsl, afbrotahegðun og sjálfstjórn á unglingsárum. Þessir þættir spá síðan fyrir um afbrot á 21 árs aldri. Þetta bendir til þess að bæði ferlin, félagslegt orsakalíkan (*social-causation model*) og félagslegt vallíkan (*social-selection model*) geti útskýrt afbrotahegðun (Wright, o.fl., 1999). Samkvæmt kenningunni um sjálfstjórn eru einstaklingar með meðfædda hvöt til þess að brjóta af sér nema þeim sé haldnir í skefjum með sterkum félagslegum tengslum við samfélagið. Þessi félagslegu tengsl tengja einstaklinga við hefðbundnar skoðanir, lífsgildi og foreldra, kennara, vina og vinnuveitendur (Wright, o.fl., 1999). Sjálfstjórn hefur áhrif á hve vel fólk getur séð fyrir og brugðist við hugsanlegum langtíma neikvæðum aðstæðum. Sjálfstjórnarkenning staðhæfir að allt fólk standa frammi fyrir freistingum og tækifærum til þess að brjóta af sér. Þeir sem eru með sterka sjálfstjórn veiti viðnám en þeir sem eru með veika sjálfstjórn eiga það til að gefa eftir. Samkvæmt kenningunni er lélegri sjálfstjórn að mestu leyti einni um að kenna þegar orsakar fyrir

afbrotahegðun er leitað. Léleg sjálfstjórn er auk þess sögð skapa afbrotahegðun eða andfélagslega hegðun vegna þess að einstaklingar hafa litla hæfileika til að reikna með afleiðingum hegðunar sinnar til langs tíma. Lítil sjálfstjórn leiðir sennilega til afbrotahegðunar vegna þess að einstaklingur lítur fram hjá þeim möguleika að hún leiði af sér neikvæðar afleiðingar til langs tíma lítið. Þó getur það verið þannig að einstaklingar með litla sjálfstjórn geti séð möguleikann á skaðlegum langtíma afleiðingum og gætu viljað halda sér í skefjum en skorti einfaldlega getuna til þess (Tittle og Botchkovar, 2005).

Gottfredson og Hirschi telja að orsök lélegrar sjálfstjórnar geta verið slæmar uppeldisaðferðir. Foreldrar sem ekki hafa eftirlit með hegðun barna sinna bera ekki kennsl á andfélagslega hegðun þegar hún kemur fram. Það að þeir refsí ekki fyrir slíka hegðun muni stuðla að skorti á sjálfstjórn hjá börnum þeirra og þeim mistekst því að hjálpa börnum sínum að þróa með sér hæfni að standast freistingar. Börn sem eru ekki tengd foreldrum sínum og sem eiga foreldrar sem eru sjálfir andfélagslegir eru líkleg til þess að þróa með sér lélega sjálfstjórn (Siegel, 2004). Léleg sjálfstjórn kemur, samkvæmt Gottfredson og Hirschi, óhjákvæmilega fram ef ekki eru tekin skref til þess að stöðva þróun hennar (Siegel, 2004). Samkvæmt Gottfredson og Hirsch verða foreldrar að gera þrjá hluti til að innræta megi barni sjálfstjórn. Í fyrsta lagi þarf að fylgjast með hegðun barnsins. Í öðru lagi þarf að bera kennsl á og viðurkenna andfélagslega hegðun þegar hún kemur upp. Í þriðja lagi þurfa foreldrar að refsa fyrir þannig hegðun (Hay, 2001). Foreldrar sem hafa virkt eftirlit með og stjórn á börnum sínum, bera kennsl á og bregðast við andfélagslegri hegðun barna sinna munu innræta þeim sjálfstjórn (Wright og Beaver, 2005). Rannsókn Polakowski styður þetta en hann komst að því að eftirlit foreldra með börnum á 8 til 10 ára aldri spáði marktækt fyrir um það hversu góða sjálfstjórn þau hefðu á aldrinum 12 til 14 ára. Það sagði síðan fyrir um afbrotahegðun á unglingsaldri (Hay, 2001). Hay (2001) skoðaði áhrif uppeldis á sjálfstjórn hjá 197 framhaldsskólanemum og komst að þeirri niðurstöðu að tengsl væri milli eftirlits foreldra og lélegrar sjálfstjórnar barna (Hay, 2001). Unnever, Cullen, og Pratt (2003) framkvæmdu rannsókn á 2.437 nemendum í miðskóla. Þar kom í ljós að eftirlit foreldra og refsingar þar sem foreldrar voru samkvæmir sjálfum sér tengdust lélegri sjálfstjórn, jafnvel þegar tekið var tillit til þátta á borð athyglisbrest og ofvirkni (Unnever, Cullen, og Pratt, 2003). Uppeldisaðferðir virðast því hafa einhver áhrif á sjálfstjórn (Wright og Beaver, 2005).

Gottfredson og Hirschi gefa til kynna að foreldrar séu eini áhrifaþátturinn sem stuðlar að eða komi í veg fyrir lága sjálfstjórn hjá börnum og taka með fyrirvara þann möguleika að erfðir gætu leikið lykilhlutverk. Eigi að síður hafa erfðarannsóknir sýnt að athyglisbrestur með ofvirkni og önnur frávik í *frontostriatal system* eru afar arfgeng (Wright og Beaver, 2005).

Sumar rannsóknir hafa bent til þess að breytur tengdar uppeldi séu einungis lítillaga tengd mælingum á sjálfsstjórn barna. Þetta þýðir þó ekki að foreldrar skipti ekki máli. Í staðinn geta áhrif foreldra sem og annarra umhverfisþátta ákvarðast af erfðamynd foreldra og barna (Wright og Beaver, 2005). Hvorki sjálfsstjórn, félagsleg tengsl né þau tvö saman virðast mála fullkomlega mynd af andfélagslegri hegðun. Þetta gefur til kynna að sjálfsstjórn og félagsleg tengsl geti ekki fullkomlega útskýrt afbrotahegðun (Welch, o.fl., 2008).

2.3 Persónuleikabættir

Persónuleikabættirnir „neikvæð geðhrif“ (*negative emotionality*) og „sjálfsstjórn“ (*constraint*) hafa verið tengdir við afbrotahegðun (Agnew, o.fl., 2002). Einstaklingar sem mælast háir í neikvæðum geðhrifum eru miklu líklegri en aðrir til að upplifa atburði á neikvæðan hátt, að eigna þessum atburðum illgirni annarra, að upplifa áköf tilfinningaviðbrögð við þessum atburðum (svo sem reiði) og líklegri til þess að bregðast við þannig atburðum á árásargjarnan eða andfélagslegan hátt. Einstaklingar sem eru háir í neikvæðum geðhrifum sýna sterkari tilfinningaviðbrögð við álagi og eru hneigðari til þess að takast á við hluti af árásargirni (Agnew, o.fl., 2002). Einstaklingar sem mælast lágir í sjálfsstjórn eru líklegri til þess að fylgja hvötum sínum. Þannig einstaklingar eru hvatvísir, taka gjarnan áhættur, hafna hefðbundnum viðmiðum og reglum, og eru áhugalausir um tilfinningar eða rétt annarra. Þeir eru einnig minna meðvitaður um og áhugalausir um neikvæðar afleiðingar hegðunar sinnar. Þessir persónuleikabættir erfast að einhverju marki. Einnig eru þeir undir áhrifum frá umhverfisþáttum, svo sem illrar meðferðar og harkalegum eða ómarkvissum aga (Agnew, o.fl., 2002). Léleg sjálfsstjórn getur verið að einhverju leyti afleiðing lélegra geðtengsla við aðra og af litlu eftirliti foreldra. Börn þurfa að læra að beita sjálfsstjórn sem gerist þegar foreldrar og aðrir setja skýrar reglur, fylgjast með hegðun og refsa fyrir brot á reglum á sanngjarnan og ofbeldislausan hátt. Það er greinilega mikil skörun milli hugmynd Gottfredson og Hirschi um sjálfsstjórn og persónuleikabáttana neikvæð geðhrif og sjálfsstjórn (*constraint*). Hugtak þeirra um lága sjálfsstjórn felur í sér mörg af þeim persónuleikaeinkennum sem mynda persónuleikabættina neikvæð geðhrif og lág sjálfsstjórn (*constraint*), svo sem hvatvísi, dálæti á að taka áhættu, bráðlyndi og ónærgætni gagnvart öðrum. Þessir þættir hafa áhrif á afbrotahegðun en í einni rannsókn höfðu þættirnir neikvæð geðhrif og lág sjálfsstjórn nánast engin áhrif á afbrotahegðun á unglingsaldri þegar álag var lítið, en talsverð áhrif þegar álag var mikið (Agnew, o.fl., 2002).

Callous-unemotional (CU) persónuleikaeinkenni koma oft fram hjá börnum með hegðunarvandamál og sem sýna sérstaklega alvarleg og þrálát hegðunarvandamál og

afbrotahegðun á unglingsaldri. Þetta persónuleikaeinkenni lýsir sér í skorti á getu til þess að finna samúð, eða skorti á sektarkennd vegna misgerða. Börn með hegðunarvandamál og CU persónuleikaeinkenni sýna hærra hlutfall hegðunarvandamála, brjóta oft af sér á unglingsaldri og komast oft í snertingu við lögreglu á unglingsaldri en börn sem ekki eru með þessi einkenni. Áhugavert er að vísbendingar hafa verið um að börn með CU persónuleikaþættir en engin hegðunarvandamál sýna einnig hátt hlutfall afbrotahegðunar á unglingsaldri (Frick, Stickle, Dandreaux, Farrell og Kimonis, 2005).

Í rannsóknnum á orðasafnstilgátunni er áhersla lögð á fimm persónuleikaþætti. Fyrsti þátturinn er „Félagslyndi“ (*Extraversion*) sem einkennist af jákvæðri lund og metur sá þáttur tilhneigingu einstaklings til þess að hafa jákvæðar tilfinningum og vera félagslyndur. Annar þátturinn er „Geðfelldni“ (*Agreeableness*) sem metur samband einstaklinga við annað fólk. Fólk sem mælist hátt á þessum þætti á það til að vera trausts vert, hreint og beint og finna til samúðar með öðrum. En þeir sem fá lága einkunn eiga það til að vera hrokafullir, ráðskast með aðra og vera tillitslausir. „Samviskusemi“ (*Conscientiousness*) sem einnig má kalla sjálfsstjórn. Þessi þáttur tengist hvatastjórn og hæfileikanum að skipuleggja og ljúka við verkefni. „Taugaveiklun“ (*Neuroticism*) einkennist af neikvæðu lyndi og metur þátturinn tilfinningalega aðlögun og stöðugleika. Síðasti þátturinn er „Opinskár“ (*Openness to experience*) sem vísar til vitsmuna og frumlegheita. Hann vísar til áhuga einstaklings á menningu og að vilja reyna nýja hluti. Einstaklingar sem mælast lágir í þættinum „Geðfelldni“ túlka vafasamar aðstæður á fjandsamlegan hátt, sýna oft árásargjörn viðbrögð, og eru líklegri til þess að trú á því að árásargirni beri árangur. Þessi viðbrögð munu auka líkurnar á ofbeldi við allar aðstæður. Persónuleikaþættir svo sem „Geðfelldni“ og „Samviskusemi“ skipta máli fyrir kenningar um taumhald sem gera ráð fyrir að afbrotahegðun á unglingsaldri sé afleiðing skorts á tengslum við aðra og skorts á skuldbindingu við reglur og venjur samfélagsins. Persónuleiki geti leitt til andfélagslegrar hegðunar vegna þess hvernig einstaklingur á í samskiptum við umhverfi sitt. Til dæmis getur persónuleiki hjálpað til við að útskýra tiltölulegan stöðugleika andfélagslegrar hegðunar. Andfélagsleg hegðun geti verið stöðug að einhverju leyti vegna þess að persónuleiki sem stuðlar að andfélagslegri hegðun er frekar stöðugur (Miller og Lynam, 2001).

2.4 Hegðunarvandamál

Hegðunarvandamál snemma á ævinni geta verið fyrirboði afbrotahegðunar á unglings- og fullorðinsaldri. Hegðunarvandamál og andfélagsleg hegðun eru hugtök sem notuð eru til að

lýsa hegðun sem er óviðeigandi og ekki í samræmi við eðlilegan hluta af þroska (það er að hegðun kemur fram á aldri þar sem hún er ekki eðlilegur hluti af þroska barns) og þar sem hegðun barns brýtur gegn eftirvæntingum fjölskyldu, félagslegum reglum, og rétti annarra. Þessi börn sýna truflandi hegðun, allt frá pirrandi en frekar lítilvægri hegðun svo sem væl, blót og reiðiköst til alvarlegri tegunda af andfélagslegri hegðun svo sem skemmdarverk, þjófnað og árás. Við eðlilegan þroska kemur andfélagsleg hegðun fram en minnkar síðan og hverfur. Flest smábörn slá, sparka og skemma hluti viljandi, ljúga og streitast á móti foreldrum sínum en flest þeirra læra líka að hafa hemil á þessari hegðun þegar þau byrja í skóla. Þótt andfélagsleg hegðun minnki oft með aldrinum, þá gerist það ekki alltaf hjá þeim sem eru mest líkamlega árásargjörn snemma í æsku. Þótt andfélagsleg hegðun sé algeng meðal ungs fólks kemur snemmbúin, þrálát, og öfgafull andfélagsleg hegðun fram hjá einungis um það bil 5% barna. Talið er að hægt sé að eigna 50% allra afbrota í Bandaríkjunum þessum einstaklingum (Mash og Wolfe, 2009).

Hegðunarvandamál og léleg sjálfsstjórn snemma í æsku, sérstaklega þegar uppeldi er slæmt og streita mikil, eru sterkar vísendingar um að barn muni halda áfram að sýna hegðunarvandamál. Flest börn með hegðunarvandamál sýna fjölbreytni í hegðun sinni. Þau bæta við nýjum birtingarmyndum af andfélagslegri hegðun með tímanum frekar en einfaldlega að skipta út gömlum (Mash og Wolfe, 2009).

Ein tegund hegðunarvandamála er athyglisbrestur með ofvirkni. Börn með athyglisbrest með ofvirkni eru eftirtektarlaus, hvatvís og með hreyfiofvið (Mash og Wolfe, 2009). Ef dæmdir unglingsstrákar voru með athyglisbrest með ofvirkni og hvatvísir var það forspá um meiri andfélagslega hegðun 18 mánuðum síðar. Mörg frávík á ýmsum víddum af hvatvísi hafa verið tengd við afbrotahegðun. Til dæmis eru frávík í hugfræðilegum breytum svo sem vanhæfni til að beita hamlandi stjórn og tilhneiging til að svara eða bregðast við hratt án þess að hugsa. Einnig getur það komið fram í hegðunarbreytum, svo sem tilhneiging til að velja frekar hraða en nákvæmni við úrvinnslu upplýsinga og tilhneiging til að taka áhættu. Þar að auki taka unglingar sem eru mjög hvatvísir oftast áhættu en unglingar sem ekki eru hvatvísir (Carroll o.fl., 2006). Þegar barn byrjar í skóli getur hvatvísi og athyglisbrestur leitt til lestrarerfiðleika og slaks árangurs í námi (Mash og Wolfe, 2009). Þær aðferðir sem foreldrar nota í samskiptum við ofvirk börn sín geti alið á hegðunarerfiðleikum. Þar má nefna strangt og ómarkvisst uppeldi. Bent hefur verið á að skortur á jákvæðum uppeldisatriðum svo sem ástúð móður og þátttöku í lífi barnsins hafi áhrif á þróun og viðhaldi vandamálahegðunar barna snemma á ævinni. Vandamálahegðun hjá börnum með ofvirkni, svo sem viðvarandi athyglisbrestur og hreyfiofvið, getur líka gert foreldrunum erfiðara fyrir en það hefur áhrif

á getu þeirra til að ala upp barnið á árangursríkan hátt. Slíkt getur síðan stuðlað að áframhaldandi eða verri hegðunarvandamálum. Hvort hefur frekar áhrif á hvað er því ekki vitað með vissu (Keown og Woodward, 2002).

Eins og greint var frá áður tóku Gottfredson og Hirschi með fyrirvara þann möguleika að léleg sjálfsstjórn geti verið af erfðafræðilegum orsökum. Í nýlegri rannsókn sem þar sem athugað var ættgengi athyglisvandamála hjá tvíburum uppgötvuðu Rietveld og samstarfsfélagar (2003) að ættgengi var breytilegt milli 0.68 og 0.76, háð aldri tvíburanna (Rietveld, Hudziak, Bartels, van Beijsterveldt og Boomsma, 2003). Meðaltal rannsókna á erfðastuðlum fyrir athyglisbrest er um 0.75. Þetta þýðir að um 75% af orsakafræði athyglisbrests megi rekja til erfða. Margir skapgerðarþættir eru einnig ættgengir (Wright og Beaver, 2005). Börn sem áttu foreldra með athyglisbrest með ofvirkni voru átta sinnum líklegri til þess að vera greind með athyglisbrest með ofvirkni. Þetta gefur til kynna að jafnvel þegar algengir áhættuþættir í umhverfinu sem tengjast afbrotahegðun eru tekin með í skýringu halda erfðaþættir áfram að hafa talsverð áhrif á barnið. Athyglisvandamál, vandamál vegna ofvirkni og vandamál vegna hvatvísi hafa oft sýnt sig vera ættgengir. Samsvörun er milli hugmynd Gottfredson og Hirschi um lága sjálfsstjórn og greiningarviðmiðinu fyrir athyglisbrest með ofvirkni og því er líklegt að léleg sjálfsstjórn sé líka ættgeng (Wright og Beaver, 2005).

Í einni rannsókn var notað úrtak tvíbura á aldrinum 5–17 ára sem notað var til þess að kanna erfðafræðilegt samband hegðunarvandamála og félagsskilnings (þ.e. hvernig fólk upplifir og dregur ályktanir um hegðun, tilfinningar og lunderni annarra). Hegðunarvandamál og félagsskilningur höfðu innbyrðis fylgni og deildu sameiginlegum erfðafræðilegum áhrifum sem útskýrðu um helming samdreifingar á skorum. Umhverfisáhrif á hegðunarvandamál fela í sér sálfélagslegt mótlæti svo sem breytingar á fjölskyldu, heimilisaðstæður, harkalegan aga, heimilisofbeldi og slæmar hverfisaðstæður. Erfðafræðileg áhrif á einkenni hegðunaröskunar eru ólíkleg til þess að hafa bein áhrif. Flókin braut liggur frá genum til hegðunar gegnum eiginleika svo sem persónuleikaeinkenni eða hugsunargang. Vísbendingar eru líka um að hegðunarvandamál séu tengd ófullnægjandi eða skorti á félagslegum samskiptum og hæfni í félagsskilningi. Félagsskilningur vísar til hugrænnar starfsemi sem auðveldar skilning á félagslegum aðstæðum, gerir einstaklingi kleift að túlka félagslegt vísbendingar annarra og skipuleggja viðeigandi viðbrögð. Börn með hegðunarvandamál hafa einnig sýnt sig hafa skerta tungumálafærni og truflun í framkvæmdarstjórn (Moffitt, 1993) en þessir þættir eru báðir mikilvæg fyrir félagsskilning og samskipti (Scourfield, Martin, Eley og McGuffin, 2004).

Í einni rannsókn var athugað samband milli hegðunarvandamála í æsku og geðröskunar og afbrotahegðunar á fullorðinsárum. 76 % karlmannna og 30% kvenna með hegðunarvandamál í æsku höfðu annað hvort afbrotaskrá, geðröskun eða bæði á fertugsaldri. Algengasta niðurstaðan fyrir karlmenn með forsögu hegðunarvandamála í æsku var afbrotahegðun. 75% karlmannna með hegðunarvandamál í æsku voru með afbrotaskrá á fertugsaldri. Auk þess höfðu næstum því allir karlmenn sem höfðu verið með hegðunarvandamál og geðraskanir verið sakfelldur fyrir að minnsta kosti eitt afbrot. Karlmenn með skerta greind og forsögu hegðunarvandamála í æsku voru líklegri til þess að verða afbrotamenn á fullorðinsárum en karlmenn með skerta greind og enga forsögu hegðunarvandamála í æsku. Konur með forsögu hegðunarvandamála í æsku voru í meiri hættu á afbrotahegðun á fullorðinsárum en konur með engin hegðunarvandamál í æsku. Áhættan á afbrotahegðun á fullorðinsárum var þó meiri hjá konum með hegðunarvandamál í æsku en karlmönnum sem sýndu svipaða erfiðleika í æsku. Hegðunarvandamál í æsku juku áhættuna á afbrotahegðun seinna á ævinni hjá báðum kynjum en hættan var þó meiri hjá konum (Kratzer og Hodgins, 1997).

Um 50% barna með hegðunarvandamál snemma á ævinni komast yfir þau síðar á lífsleiðinni. Þau sem gera það sýna oftast minni öfgafull hegðunarvandamál þegar þau eru ung, hafa hærri greindavísitölu, eiga færri vini í afbrotum og foreldrar þeirra hafa meiri félagsfærni og færri geðræn vandamál (Mash og Wolfe, 2009).

2.5 Hegðunarraskanir

Hegðunarvandamál sumra börn með athyglisbrest og ofvirkni eru svo alvarleg að þau geta líka verið greind með hegðunarröskun. Börn með hegðunarröskun brjóta rétt annarra á oft vanrækjandi og stundum árásargjarnan hátt. Milli 45% og 60% barna með athyglisbrest með ofvirkni þróa með sér hegðunarröskun, misnotkun á fíkniefnum eða afbrotahegðun á unglingsaldri. Mörg börn með hegðunarröskun halda áfram að eiga erfitt með að fylgja félagslegum vimiðum og reglum á unglings- og fullorðinsárum. Á unglingsaldrinum sýnir um helmingur þeirra afbrotahegðun og fíkniefnamisnotkun. Á fullorðinsaldri eiga um 75%-85% þeirra við langtíma atvinnuleysi að stríða, áttu forsögu óstöðugleika í persónulegum samböndum, höfðu oft verið líkamlega árásargjörn eða misnotað maka. Milli 35% og 40% munu greinast með andfélagslega persónuleikaröskun á fullorðinsárum. Ungmenni sem þróa með sér hegðunarröskun í æsku eru líklegri til að eiga við fjölbreytt geðvandamál og ofbeldisfulla hegðun að stríða á fullorðinsárum en þeir sem hafa hegðunarvandamál sem byrja á unglingsárum (Nolen-Hoeksema, 2007). Milli 4% og 9% drengja eru taldir vera með hegðunarröskun (Moffitt, 1993). Rannsóknir á hegðunarröskun (*conduct disorder*) barna hafa

sýnt að andfélagsleg hegðun byrji mjög snemma, löngu áður en börnin eru farin að brjóta af sér. Merki um andfélagslega hegðun byrjar því snemma á ævinni og er yfirleitt til staðar langt fram eftir fullorðinsárum (Moffitt, 1993). Börn með hegðunarröskun sýna endurtekið og þrálátt mynstur alvarlegrar árásargjarnar og andfélagslegrar hegðunar, þ.e. að valda öðrum sársauka eða skerða rétt þeirra með líkamlegri árásargirni eða hótunum, að stela eða fremja skemmdarverk. Þau stríða líka oft við önnur vandamál svo sem athyglisbrest með ofvirkni (en um 50% barna með hegðunarröskun eru einnig með athyglisbrest og ofvirkni), lélega færni í skóla og léleg tengsl við jafnaldra (Mash og Wolfe, 2009). Ungmennni með hegðunarröskun eiga í meiri hættu á að vera handtekin, neyta fíkniefna og eiga erfitt í skóla (Jewell og Stark, 2003).

Ýmis frávik í hugrænni og tilfinningalegri virkni hafa fundist hjá börnum og unglingum með hegðunarröskun eða athyglisbrest með ofvirkni, að meðtöldu frávik í einbeitingu og athygli, hvatvísi, vitsmunalegum ósveigjanleika ásamt að eiga erfitt með að skipuleggja hegðun sína til þess að ná markmiði. Þessi frávik hafa verið tengd þróun á hegðunarvandamálum og andfélagslegri hegðun (Cauffman, o.fl., 2005).

Fjölskylduumhverfi er áhrifamikill þáttur í þróun og viðhaldi á hegðunarröskun. (Jewell og Stark, 2003). Foreldrar nota oft uppeldisaðferðir sem magna vandamálið og viðhalda því, svo sem hörkulegar refsingar (Mash og Wolfe, 2009). Ungmennni með hegðunarröskun koma frá fjölskyldum með marktækt minni samloðun/*cohesion* og verri geðtengsl, meiri átök og ágreining, og meiri ofvernd og stirðleika miðað við ungmenni sem ekki þjást af þessari röskun. Þessi rannsókn staðfestir niðurstöður fyrri rannsókna um að ósamkvæmur og eftirlátur agastíll sé sérstaklega einkennandi fyrir fjölskyldur ungmenna með hegðunarröskun. Þessar niðurstöður stangast þó á við margar aðrar rannsóknir þar sem tengsl hafa fundist milli hegðunarröskunar og strangs og stjórnandi agastíls. Algengt er að sjá að ungmenni með hegðunarvanda á borð við hegðunarröskun eiga foreldra sem skortir nauðsynlega færni og kunnáttu til að aga börn sín á árángursríkan hátt. Þessar fjölskyldur skortir skýrar venjur og reglur þar sem agi er ekki tafarlaust háð hegðun barnsins (Jewell og Stark, 2003).

Þrálát árásargjörn hegðun og hegðunarröskun í æsku geta verið undanfarar andfélagslegrar persónuleikröskunar á fullorðinsárum (Mash og Wolfe, 2009).

2.6 Andfélagsleg persónuleikaröskun

Um 40% barna með hegðunarröskun þróa með sér andfélagslega persónuleikaröskun (*antisocial personality disorder*) snemma á fullorðinsárum (Mash og Wolfe, 2009). Þeir sem

hafa andfélagslega persónuleikaröskun hafa tilhneiging til andfélagslegrar hegðunar sem kemur fram strax í æsku og hefðu flestir þessara einstaklinga verið greindir með hegðunarröskun sem börn, ef greining hefði verið gerð (Nolen-Hoeksema, 2007). En um 4%-5% karlmanna eru taldir vera með andfélagslega persónuleikaröskun. Birtingarmynd hegðunar þeirra getur breyst með breytingum á tækifærum en undirliggjandi eðlisfar viðhelst alla ævi (Moffitt, 1993).

Einnkennandi fyrir einstaklinga með andfélagslega persónuleikaröskun að þeir eru siðblindir, tilfinningalausir og falskir (Mash og Wolfe, 2009). Þeir hafa litla hæfni til þess að ná jákvæðum tengslum við aðra. Þeir eru svikulir eins og sést af endurteknum lygum eða svikum fyrir eigin ávinning eða ánægju. Þeir hafa tilhneingingu til að brjóta grundvallar félagslegar reglur og gildi. Þeir fremja ofbeldisfull afbrot, t.d. árás, morð, og nauðgun, miklu oftar en fólk sem ekki hefur þessara röskun. Þegar þeir nást sýna þeir oft litla iðrun og virðast áhugalausir um þann sársauka og þjáningu sem þeir hafa valdið öðrum. Áberandi er að þessir einstaklingar hafa lélega stjórn á hvötum og eru iðulega hvatvísir og skeytingarlausir um afleiðingar hegðunar sinna. Þeir taka oft áhættu án tillits til hugsanlegra afleiðinga. Einstaklingar með þessa röskun hafa lítið umburðarlyndi gagnvart skapraun. Þeim leiðist auðveldlega og verða auðveldlega eirðarlausir og eru oft ófærir um að fylgja föstum venjum eða að taka þeirri ábyrgð sem fylgir hjónabandi eða starfi (Nolen-Hoeksema, 2007).

Þar sem flestir einstaklingar með andfélagslega persónuleikaröskun sýna skeytingarleysi gagnvart félagslegum reglum er sakfelling fyrir afbrot snemma á þrítugsaldri einkennandi fyrir nánast alla karlmenn sem þannig greinast (Moffitt, 1993). Talið er að greina mætti um 50%-80% karlmanna í fangelsum með þessa röskun (Nolen-Hoeksema, 2007).

3. Sameining félagsfræðilegs, líffræðilegs og sálfræðilegs sjónarmiðs

Ljóst er að félagsfræðilegt sjónarmið eða líffræðilegt og sálfræðilegt sjónarmið varpi ekki ljósi á orsakir afbrotahegðunar eitt og sér.

Margar kenningar í afbrotafræði sameina félagslegt vallíkan og félagslegt orsakalíkan ferla í kenningum sínum. Samkvæmt kenningunni um *age-graded informal social control* á stöðugleiki í afbrotahegðun rætur að rekja bæði til félagslegs vallíkans og félagslegs orsakalíkans. Kenningin tengir andfélagslega hegðun í æsku við afbrot á fullorðinsárum á tvo vegu. Í fyrsta lagi ná breytingar á glæpahneigð yfir allt æviskeiðið frá æsku til fullorðinsára (félagslegt vallíkan). Í öðru lagi getur afbrotahegðun á unglingsárum stofnað félagslegum

tengslum, svo sem í starfi eða hjónabandi, í hættu. Þessi félagslegu tengsl ráðast þó ekki fullkomlega af einkennum í æsku og hafa áhrif á afbrotahegðun á fullorðinsárum óháð persónuleikaeinkennum sem þegar eru til staðar (félagslegt orsakalíkan). Þetta getur síðan haft neikvæð áhrif á líf einstaklings og getur ýtt honum út í áframhaldandi afbrot (Wright, o.fl., 1999).

Vísbendingu um bæði félagslegt vallíkan og félagslegt orsakalíkan má finna í rannsókn Sampson og Laub. Þeir greindu langtímarannsókn Glueck á drengjum sem voru í afbrotum og drengjum sem voru ekki í afbrotum á 10-17 ára aldri. Þau börn sem voru í afbrotum stóðu andspænis fleiri vandamálum í skóla, starfi og félagslegum samskiptum (félagslegt vallíkan). Gæði félagslegra tengsla á fullorðinsárum spáði þó marktækt fyrir um afbrotahegðun og andfélagslega hegðun (félagslegt orsakalíkan). Fyrri aðild að afbrotum getur þó veikt hefðbundin tengsl og skemmt þannig þau tengsl sem áður hindruðu afbrotahegðun. Afbrotahegðun og þau viðurlög sem þau geta haft í för með sér geta leitt til þess að einstaklingar kynnist öðrum lögbrjótum. Afbrotahegðun getur þannig aukist með ferli styrkingar og eftiröpunar (Wright, o.fl., 1999). Vísbendingu um félagslega-orsakalíkanið má finna í rannsókn Paternoster og Brame (1997) á 11 og 12 ára börnum. Þar kom í ljós að börn sem áttu vini sem voru í afbrotum spáði fyrir um afbrotahegðun þeirra sjálfra (Paternoster og Brame, 1997). Vísbendingu um félagslegt val má finna í rannsókn Evans og félagar (1997). Niðurstaðan úr henni var að einungis fá félagsleg tengsl spáðu fyrir um afbrotahegðun og hurfu tengslin þegar stjórn var höfð á sjálfsstjórn og sambærilegri hegðun (Evans, Cullen, Burton Jr og Dunaway, 1997).

Gottfredson og Hirschi telja að afbrotahegðun sé afleiðing einstaklingsbundinna eiginleika (t.d. lélegri sjálfsstjórn) sem eru til staðar snemma á ævinni og haldast alla ævi. Þeir halda því fram að afbrotahegðun sé því að miklu leyti óháð aðstæðum á lífsferlinu svo sem hjónabandi, starfi og námi (Warr, 1998). Þess vegna getur afbrotahegðun á einum tíma ekki haft neitt orsakagildi fyrir þannig hegðun á öðrum tíma (Wright, o.fl., 1999). Það að léleg sjálfsstjórn í æsku spái fyrir um afbrotahegðun og frávik í félagslegum tengslum seinna á ævinni er dæmi um félagslegt vallíkanið (Wright, o.fl., 1999). Tengsl sjálfsstjórnar og afbrotahegðunar eru að miklu leiti undir áhrifum félagslegra samskipta við aðra en það er dæmi um félagslegt orsakalíkan. Þessar niðurstöður styðja kenningarlíkan sem sameinar bæði sjónarmiðin. Oftast hafa afbrotafræðilegar kenningar útskýrt afbrot með tilliti til félagslegs orsakalíkans, það er að félagsleg samskipti stuðli að eða komi í veg fyrir afbrotahegðun. Þar er þá oft skoðað samband milli skóla, vinnu, fjölskyldubanda, fyrri afbrotahegðunar og afbrotahegðunar vana við afbrotahegðun viðkomandi (Wright, o.fl., 1999).

Gottfredson og Hirschi fullyrðir að einn þáttur, lág sjálfstjórn tengd tækifæri til andfélagslegra athafna, liggi að baki andfélagslegri hegðun. Með því að leggja áherslu á þennan eina eiginleika, sjálfstjórn, og hundsá aðra umhverfis-, líffræðilega og sálfræðilega þætti, þá hættir Gottfredson og Hirschi til þess að einfalda um of margleitni persónuleika og tilhneigingu sem liggur að baki afbrotahegðun. Eins og Gottfredson og Hirschi leggja til er sjálfstjórn vissulega marktæk forspá afbrotahegðunar (Cauffman, o.fl., 2005). Í seinni tíð hefur athygli verið beint í auknum mæli að persónuleikaeinkennum í æsku s.s. lélegri sjálfstjórn og andfélagslegri hegðun. Með þessari nálgun er talið að fylgni sé milli afbrota og félagslegra tengsla en að þau séu að hluta til háð persónuleikaeinkennum (félagslegt vallíkan). Það er að persónueinkennum sem þegar eru til staðar hafi áhrif á þróun félagslegra samskipta og afbrotahegðunar og þess vegna gæti fylgnin milli afbrota og félagslegra samskipta verið tálsýn (Wright, o.fl., 1999). En ef aðeins aðstæður í æsku leiða til afbrota, og ef þessir eiginleikar vara til fullorðinsára, þá er engin þörf fyrir að kanna einstaklinga með langtímarannsóknum. Ef orsök afbrota eiga rætur að rekja einungis í æsku og eru óháð áhrifum frá umhverfinu seinna meir þá er eru inngríp þar sem reynt er að endurbæta afbrotamenn ónothæf. Afleiðingarnar verða að ekki ætti að endurhæfa afbrotamenn heldur einungis að koma í veg fyrir afbrot í framtíðinni með því að rækta sjálfstjórn í æsku (Wright, o.fl., 1999). Líkt og þunglyndi, ætti andfélagsleg hegðun líklega að eiga bæði líffræðilega og sálfræðilega orsakabætti (Cauffman, o.fl., 2005). En þeir hljóta einnig að vera félagslegir.

Kenningar sem einungis leggja áherslu á annað hvort félagslegt vallíkan eða félagslegt orsakalíkan virðast vera of einfaldar. Afbrotakenningar ættu því að sameina bæði persónueiginleika og samfélagslega þætti. Ekki er hægt að sleppa alveg langtímarannsóknum á afbrotum þar sem þversniðsrannsóknir geta ekki lýst nægilega vel breytingum á tengslum einstaklinga við umhverfi sitt á löngum tíma. Mikilvægt er að hafa afskipti bæði í æsku og á unglingsárum. Íhlutanir eru mikilvægar í æsku vegna þess að eiginleikar sem eru þegar byrjaðir að myndast á fyrstu árum ævinnar geta leitt til afbrotahegðunar. Íhlutun á unglingsárum er mikilvæg vegna þess að félagsleg tengsl á þessum aldri geta haft áhrif á afbrotahegðun þrátt fyrir að góðir eiginleikar séu til staðar (Wright, o.fl., 1999).

Lokaorð

Ofbeldi kemur fram í margvíslegum myndum og skýringar á því eru einnig margþættar. Áhættuþættir ofbeldis eru bæði einstaklingsbundnir og félagslegir. Nefna má félagslega áhættuþætti svo sem áhrif jafningja, upplausn fjölskyldu og uppeldi en einnig sálar- og líffræðilega áhættuþætti svo sem persónuleikaraskanir og lélega sjálfstjórn sem geta ýtt undir

afbrotahegðun. Persónuleikaeinkenni á borð við lélega sjálfstjórn, hvatvísi og vanhæfni til að fresta ánægju geta aukið hættuna á því að andfélagslegir unglingar taki óafturkallanlegar ákvarðanir sem síðan koma í veg fyrir að þeir fái tækifæri til þess að breytast. Foreldrar og aðrir fullorðnir geta brugðist við slæmri hegðun og frávikum í þroska barna. Í góðu uppeldisumhverfi eru vandamál oft leiðrétt. Ef áhætta sem felst í persónuleikaeinkennum er þegar til staðar geta rofin fjölskyldutengsl, samskiptaleysi fullorðinna, afbrotahegðun vina, ofbeldi og bág efnahagsleg kjör ýtt undir það að persónuleikaeinkennin leiði til afbrota. Ef persónuleikaeinkenni eru ekki til staðar, þá geta þessir umhverfisþættir samt aukið hættuna á að barn leiðist út í afbrot seinna meir. Bæði umhverfisþættir og einstaklingsþættir hljóta því að skipta máli. Persónuleiki og hegðun verða til og þróast með víxlverkun milli einstaklings og umhverfis. Ef andfélagsleg hegðun sumra einstaklinga er stöðug frá unga aldri og út fullorðinsárin er mikilvægt að finna rætur hennar snemma á ævinni í þáttum sem eru til staðar eða koma fram fyrir eða skömmu eftir fæðingu. Einnig er mikilvægt að bera kennsl á áhættuþætti í umhverfi barnsins. Þannig gæti verið hægt að koma í veg fyrir það að missa börn á unga aldri úr höndunum út í afbrot.

Heimildaskrá

- Agnew, R., Brezina, T., Wright, J. P. og Cullen, F. T. (2002). Strain, personality traits, and delinquency: Extending general strain theory. *Criminology*, 40(1), 43-72.
- Alltucker, K. W., Bullis, M., Close, D. og Yovanoff, P. (2006). Different pathways to juvenile delinquency: characteristics of early and late starters in a sample of previously incarcerated youth. *Journal of Child and Family Studies*, 15(4), 479–492.
- Carroll, A., Hemingway, F., Bower, J., Ashman, A., Houghton, S. og Durkin, K. (2006). Impulsivity in juvenile delinquency: differences among early-onset, late-onset, and non-offenders. *Journal of Youth and Adolescence*, 35(4), 519–529.
- Cauffman, E., Steinberg, L. og Piquero, A. R. (2005). Psychological, neuropsychological and physiological correlates of serious antisocial behavior in adolescence: the role of self-control. *Criminology*, 43(1), 133-176.
- Church II, W. T., Wharton, T. og Taylor, J. K. (2009). An examination of differential association and social control theory, family systems and delinquency. *Youth Violence and Juvenile Justice*, 7(1), 3-15.
- Conger, R. D., Neppl, T., Kim, K. J. og Scaramella, L. (2003). Angry and aggressive behavior across three generations: A prospective, longitudinal study of parents and children. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 31(2), 143–160.
- Eitzen, D. S. og Zinn, M. B. (2004). *Social problems* (9. Útgáfa). Boston: Pearson; Allyn and Bacon.
- Evans, T. D., Cullen, F. T., Burton Jr, V. S. og Dunaway, R. G. (1997). The social consequences of self-control: Testing the general theory of crime. *Criminology*, 35(3), 475-504.
- Farrington, D. P. (2003). Developmental and life-course criminology: Key theoretical and empirical issues -the 2002 Sutherland award address. *Criminology*, 41(2), 221-256.

- Frick, P. J., Stickle, T. R., Dandreaux, D. M., Farrell, J. M. og Kimonis, E. R. (2005). Callous–unemotional traits in predicting the severity and stability of conduct problems and delinquency. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 33(4), 471–487.
- Giordano, P. C., Cernkovich, S. A. og Holland, D. D. (2003). Changes in friendship relations over the life course: Implications for desistance from crime. *Criminology*, 41(2), 293-328.
- Gorman-Smith, D., Tolan, P. H., Loeber, R. og Henry, D. B. (1998). Relation of family problems to patterns of delinquent involvement among urban youth. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 26(5), 319-333.
- Hay, C. (2001). Parenting, self-control, and delinquency: A test of self-control theory. *Criminology*, 39(3), 707-737.
- Ingram, J. R., Patchin, J. W., Huebner, B. M., McCluskey, J. D. og Bynum, T. S. (2007). Parents, friends, and serious delinquency: An examination of direct and indirect effects among at-risk early adolescents. *Criminal Justice Review*, 32(4), 380-400.
- Ireland, T. O., Smith, C. A. og Thornberry, T. P. (2002). Developmental issues in the impact of child maltreatment on later delinquency and drug use. *Criminology*, 40(2), 359-397.
- Jewell, J. D. og Stark, K. D. (2003). Comparing the family environments of adolescents with conduct disorder or depression. *Journal of Child and Family Studies*, 12(1), 77–89.
- Keown, L. J. og Woodward, L. J. (2002). Early parent–child relations and family functioning of preschool boys with pervasive hyperactivity. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 30(6), 541–553.
- Kratzer, L. og Hodgins, S. (1997). Adult outcomes of child conduct problems: A cohort study. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 25, 65-81.
- Mash, E. J. og Wolfe, D. A. (2009). *Abnormal child psychology* (4. Útgáfa). Belmont:

Wadsworth publishing.

- Miller, J. D. og Lynam, D. (2001). Structural models of personality and their relation to antisocial behavior: A meta-analytic review. *Criminology*, 39(4), 765-796.
- Moffitt, T. E. (1993). Adolescence-limited and life-course-persistent antisocial behavior: A developmental taxonomy. *Psychological Review*, 100(4), 674-701.
- Nolen-Hoeksema, S. (2007). *Abnormal psychology* (4. Útgáfa). Boston: McGraw-Hill.
- Pasternoster, R. og Brame, R. (1997). Multiple routes to delinquency? A test of developmental and general theories. *Criminology*, 35(1), 49-84.
- Piquero, A. R. og Moffitt, T. E. (2004). Life-course persistent offending. Í J. R. Adler (Ritstj.), *Forensic psychology: concepts, debates and practice* (bls. 177-196). Uffculme: Willan publishing.
- Piquero, A. R., MacDonald, J., Dobrin, A., Daigle, L. E. og Cullen, F. T. (2005). Self-control, violent offending, and homicide victimization: Assessing the general theory of crime. *Journal of Quantitative Criminology*, 21(1), 55-71.
- Rietveld, M. J. H., Hudziak, J. J., Bartels, M., van Beijsterveldt, C. E. M. og Boomsma, D. I. (2003). Heritability of attention problems in children: Cross-sectional results from a study of twins, age 3 to 12 years. *Neuropsychiatric Genetics*, 1176, 102-113
- Ríkislögreglustjórnin. (2008). *Afbrotatölfræði 2007*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórnin.
- Sampson, R. J. og Laub, J. H. (1990). Crime and deviance over the life-course: The salience of adult social bonds. *American Sociological Review*, 55(5), 609-627.
- Scourfield, J., Martin, N., Eley, T. C. og McGuffin, P. (2004). The genetic relationship between social cognition and conduct problems. *Behavior Genetics*, 34(4), 377-383.

- Siegel, L. J. (2004). *Criminology: theories, patterns and typologies* (8. Útgáfa). Belmont: Thomson, Wadsworth.
- Simons, R. L., Stewart, E., Gordon, L. C., Conger, R. D. og Elder Jr., G. H. (2002). A test of life-course explanations for stability and change in antisocial behavior from adolescence to young adulthood. *Criminology*, 40(2), 401-435.
- Tittle, C. R. og Botchkovar, E. V. (2005). Self- control, criminal motivation and deterrence: An investigation using russian respondents. *Criminology*, 43(2), 307-354.
- Unnever, J. D., Cullen, F. T. og Pratt, T. C. (2003). Parental management, ADHD, and delinquent involvement: Reassessing Gottfredson and Hirschi's general theory. *Justice Quarterly*, 20(3), 471-500.
- Warr, M. (1998). Life-course transitions and desistance from crime. *Criminology*, 36(2), 183-216.
- Warr, M. (2005). Making delinquent friends: Adult supervision and children's affiliations. *Criminology*, 43(1), 77- 106.
- Welch, M. R., Tittle, C. R., Yonkoski, J., Meidinger, N. og Grasmick, H. G. (2008). Social integration, self-control and conformity. *Journal of Quantitative Criminology*, 24, 73–92.
- Wright, B. R., Caspi, A., Moffitt, T. E. og Silva, P. A. (1999). Low self-control, social bonds, and crime: Social causation, social selection, or both? *Criminology*, 37(3), 479-512.
- Wright, J. P. og Cullen, F. T. (2001). Parental efficacy and delinquent behavior: Do control and support matter? *Criminology*, 39(3), 677-706.
- Wright, J. P. og Beaver, K. M. (2005). Do parents matter in creating self-control in their children? A genetically informed test of Gottfredson and Hirschi's theory of low self-control. *Criminology*, 43(4), 1169-1202.

